# Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

Gjörðabók hreppsnefndar
Reykholtsdalshrepps 1874-1908

Aðfnr. ES10 10-3

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands

Tekið af vef Safnahúss Borgarfjarðar

www.safnahus.is

**©Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar**

**Reykholtsdalshreppur**

Gjörðabók hreppsnefndar 1874-1908

ES10 10-3

**Upplýsingar**

Reykholtsdalshreppur

Gjörðabók hreppsnefndar Reykholtsdalshrepps 1901-1925

**Tilvísun**

HskBorg ES10 10-3

**Blaðsíða**

1/ 122 þar af 61 auð opna

**Síðast uppfært**

...

**Myndatexti**

Gjörðabók hreppsnefndar Reykholtsdalshrepps 20.6.1874-15.6.1908



Reykholtsd.

Ár 1874 þann 20ta júni Var á Hurlureykjo Hreppskila þingi, í fyrsta sinn kosin Hrepps-nefnd í Reykholtsdalshrepp. Samkvæmt. Til-skipun um Sveitarstjórn á Íslandi 4da Mai 1872 og urdu þessir fyrir kosningu.

Steinólfur Grimsson á Hægindi fjekk 19 atkv
þorstein þorsteinsson á Geirshlid — 19 —
Jón Hannesson á Skáney . — 18 —
Bjarni þorsteinsson á Hurdarbaki — 18
og Oddur Bjarnason á Brennistödum
og Gudm. Gudmundsson á Brekkukoti — sin 8a
hvur þeirra, Var þá Varpad hlutkesti
og vard Oddur nefndarmadur.

á þinginu vóru 22 sem atkvædi greiddu.
þegar kosningu var lokid var strax skorad á nefndarmenn ad kjósa sér Oddvita og vard fyrir þeirri kosning Steinólfur, Hægindi með öllum atkv.

Kjörstjórninn
Hannes Magnusson
Magnús Jónsson Steinólfur Grimsson

Árið 1874 þann 8da Desember átti hrepps-
nefndin í Reykjaholtsdals hrepp fund
með sér að Reykjaholti eptir boðum Oddvita.–
Allir nefndarmenn komu á fundinn.
Var þá tekið til umræðu:

1., Vegabótagjörð í hreppnum á næsta ári og
kom nefndinni saman um að halda áfram þeirri
vegabótinni frá Stórakroppi út í kringum Varst
á; og einnig fara þeir á leit að fá ókeypis
kerru til brúkunar við vegagjörðirnar einkum
til að bera grjót á brúna hjá Stórakroppi sem
nefndin álítur ómissanlega nauðsynlegt. –
Nefndin álítur að kostnaðurinn mundi verða
hér um bil. Oddvita var falið
að rita um þetta og innleið svara bréfi sýslu-
mannsins frá 24 Nóvbr. þ. á. –

2., Þá var og talað um aukavegina og kaus
nefndin Þorstein Jón á Skáney Hannesson
til að sjá um og standa fyrir aukavegagjörðinni
ásamt oddvitanum



3 Til að stjórna fátækra málefnum voru kosnir
þeir Þorsteinn Þorsteinsson í Geirshlíð og Bjarni
Þorsteinsson á Hurðarbaki einnig ásamt oddvit-
anum. –

4., Til að gangast fyrir grenjaleitunum og grenjavinnslu á suðurfjallinu
var valinn Oddur Bjarnason á Brennistöðum

Var svo fundi slitið.

St. Grímsson
Þ. Þorsteinsson Jón Hannesson B. Þorsteinsson
Oddur Bjarnason

Árið 1875 þann 18 Maí átti hreppsnefndin
fund með sér að Reykjaholti til þess samko-
amtsbréfi frá 24 febr. þ. á. að gjöra áætlun um
þarfir hreppsins og komst nefndin í einu hljóði
á þá niðurstöðu að þetta væri óvinnandi verk
fyrr en búið væri að semja jafnaðarreikninginn
einnig hitt þótti ógjörandi að jafna niður auka
útsvörunum fyrr en framtal væri fengið

Var því oddvita beðið að fá drátt á þessu
allmarg verki nefndarinnar fyrst um sinn.

Var svo fundi slitið

Þorst Þorsteinsson St. Grímsson
Jón Hannesson B. Þorsteinsson
Oddur Bjarnason

Árið 1875 þann 21. Oktobermánaðar, átti hreppsnefndin í Reykholtsdals hrepp fund með sér að Reykholti til að koma sér saman um á hvern hátt ~~leggja~~ jafna ætti á hreppsbændur, Varðkostnaði þeim og Skaðabótum er hreppurinn á eptir bréfi Sýslumansins af 12 s m að svara og als er, í Varðk. 722/33 og skaðab 465 rdl. og komust allir nefndarmenn að þeirri niðurstöðu að leggja það á eins og auka útsvör, og yrði því þessari niðurjöfnun ekki aflokið fyrr en búið væri að jafna niður auka útsvörum á hreppsbúa

Í framhaldi af þessum fundi kom hreppsnefndin aptur saman að Reykholti þann 31. [illegible] Septemb. til þess að jafna útsvörum hreppsins og fleira til þess sem þar af leiðir og urðu allir nefndarmenn sammála, og kom ekkert markvert fyrir. Prófastur var fenginn til að búa til niðurjöfnun á Varðkaupi og Skaðabótum og færist það hér um til. eptir sjónar.

fundi slitið

St. Grímsson



Niðurjöfnun á Varðkostnaði og Skaðabótum í Reykholtsdalshrepp haustið 1875 Skaðabætur eru als 930 kr enn Varðkostnaðar að frádregnu því er til Sveitar fellur af kaupi Magnúsar (60.00) er 562 kr 33a fellur þá 1kr á Skaðab. og í Varðk. 56 233/1000 aur á hvert álnar virði í öllum útsvörum.

| Tala | Skaðabóta Gjaldendur | Skaðabætur allar. Kr – aur | þar af greitt, verið am hver 12a Kr – a – | enn eptir ógoldið Kr a | Varðkostnaður allur Kr a |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Olafr bóndi Sturlureyk. | 14 – | 12 – „ | 2 „ „ | 7 – 87 |
| 2 | Jón bóndi Skáney | 30 – „ | 12 – „ | 18 – „ | 16 – 96 |
| 3. | Arni — „ — | 9 – 50 | „ „ | 9 – 50 | 5 44 |
| 4 | þórdr bóndi Skáneyjrkot | 10 – „ | 12 – „ | „ „ | 5 63 |
| 5 | Jón húsm. — „ — | 4 – „ | „ „ | 4 – „ | 2 25 |
| 6 | Hannes bóndi Grímsstöðum | 18 – „ | 12 – „ | 6 – „ | 10 – 12 |
| 7 | Mad Halldóra — „ — | 4 – „ | „ „ | 4 – „ | 2 – 25 |
| 8 | Prófastr þ. Reykholti | 23 – „ | 24 – „ | „ „ | 13 – 62 |
| 9 | Jón bóndi Breiðabólst | 14 – „ | 12 „ | 2 „ | 7 87 |
| 10 | Páll –„– Stuðdörst | 114 – | 24 – „ | 90 – „ | 64 6 |
| 11 | Magnús –„– Vilmundarst | 152 – „ | | | 85 – 35 |
| 12 | Jón –„– Hægindi | 31 – 50 | 24 – „ | 7 – 50 | 17 42 |
| 13 | Steinólfur — „ — | 5 – „ | {12 | „ „ | 2. 81 |
| 14 | Steingrímr bóndi Kopareykj | 5 – „ | | „ „ „ | 3 – 39 |
| 15 | þorleifr bóndi Kjalvararst | 44 – 50 | 24 – „ | 20 – „ | 24 39 |
| 16 | Málfríður Snældubeinst | 8 – „ | 12 – „ | „ „ | 4 – 50 |
| 17 | Gísli bóndi Kleppjárnsreykj | 8 – „ | „ „ | 8 – „ | 4 – 50 |
| 18 | Sigurðr –„– Hömrum | 68 – „ | 24 – „ | 44 – „ | 38 – 48 |
| 19 | Jón –„– Litla kroppi | 32 – 50 | . . | . . | 18 – 35 |
| 20 | þorst –„– Geirshlíð | 13 – „ | 12 – „ | 1 – „ | 7 – 30 |
| 21 | Arni –„– Geirshl Kot | 33 – 50 | 24 – „ | 9 – 50 | 18 – 76 |

641 50 240

Framhald.

641,40

| Tala | Gjáldendur | Skaðabót öll kr | a | þar af greitt vori á móti 12/00 kr | a | eptir ógoldið kr | a | Varðk. allt kr | a |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 22 | Oddur bóndi Brennist. | 39 | „ | 12 | „ | 27 | | 21 | 91 |
| 23 | Þorst. — „ — Hæli — | „ | „ | „ | „ | „ | „ | 27 | 89 |
| 24 | Gísli — „ — Hrísum | 21 | 50 | „ | „ | 21 | 50 | 11 | 97 |
| 25 | Oddgeir — „ — Skógum | 23 | „ | 12 | „ | 11 | „ | 12 | 92 |
| 26 | Björn — „ — Brúsholt. | 7 | „ | „ | „ | „ | „ | 3 | 92 |
| 27 | Haldor — „ — Stedja | 22 | 50 | „ | „ | „ | „ | 12 | 80 |
| 28 | Gísli — „ — Stórakroppi | 31 | „ | „ | „ | „ | „ | 17 | 42 |
| 29 | Sveinn — „ — Kletti | 8 | „ | „ | „ | 8 | „ | 4 | 50 |
| 30 | Einar Kletti — | 3 | „ | „ | „ | 3 | „ | 1 | 60 |
| 31 | Hanes hreppst. D. Tungu | 47 | 50 | 36 | „ | 11 | 50 | 26 | 66 |
| 32 | Björn bóndi — „ — | 10 | 50 | „ | „ | 10 | 50 | 5 | 93 |
| 33 | Guðrn. — „ — Brekkukoti | 8 | „ | 12 | „ | „ | „ | 4 | 50 |
| 34 | Bjarni — „ — Hardarbaki | 45 | 50 | 36 | | 9 | 50 | 24 | 54 |
| 35 | Eyólfr — „ — „ — | 13 | 50 | 12 | „ | 1 | 50 | 7 | 58 |
| 36 | Þorst. — „ — Gróf — | 8 | „ | | | | | 4 | 50 |
| | Vinnumenn | | | | | | | | |
| 1 | Steinbjörn Steindórstöðum | „ | — | „ | „ | „ | „ | 1 | 41 |
| 2 | Kristofer — „ — | „ | — | — | | — | | 2 | 82 |
| 3-4 | Sigurd og Einar Vilmundrst. | | | „ | „ | „ | „ | 1 | 69 |
| 5 | Gísli Litlakroppi | — | — | — | — | „ | „ | 1 | 41 |
| 6 | Sighvatr Hrísum | „ | „ | „ | „ | „ | „ | | 56 |
| 7 | Jón Skógum | „ | „ | „ | „ | „ | „ | | 56 |
| 8 | Bjarni á Stedja | „ | „ | „ | „ | „ | „ | | 56 |
| 9 | Haldor Stórakroppi | „ | „ | „ | „ | „ | „ | | 56 |
| 10 | Jacob í Deildartungu | „ | „ | „ | „ | „ | „ | 1 | 41 |
| 11 | Steffan í Hrísum | — | — | — | | — | | 1 | 13 |

Samtals — 930



# Varðkostnaður

úr Reykholts-dals hr. hauntíð 1875 Útleggst þannig

| | | Kr | a |
|---|---|---|---|
| I | í Varðkaupi Grímsi til Jóns í Hæginði | | |
| 1 | frá Ólafi Hæk... | 7 | 87 |
| 2 | — Arna Skáney | 5 | 44 |
| 3 | — Þórði Sk.kot | 5 | 63 |
| 4 | — Jóni — „ — | 2 | 25 |
| 5 | — Hanesi Grenist. | 10 | 12 |
| 6 | — Mad Haldoru — „ — | 2 | 25 |
| 7 | — Prófast. H. J. Rholti | 13 | 62 |
| 8 | — Jóni Breiðabolst | 7 | 87 |
| 9 | — Jóni Hæginði | 17 | 72 |
| 10 | — Steingr. Kóparreyk. | 3 | 39 |
| 11 | — Þorleifi Hjalmst. | 24 | 89 |
| 12 | — Málfríð Snældub.st | 4 | 50 |
| 13 | — Gísla Kleppholtsreik | 4 | 50 |
| 14 | — Sigurdi Hömrum | 20 | 48 |
| 15 | — Jóni Litlakroppi | 18 | 35 |
| 16 | — Þorsteini Geirshlíð | 7 | 30 |
| 17 | — Oddi Brennist | 21 | 91 |
| 18 | — Þorst. á Hæli — | 27 | 89 |
| 19 | — Gísla Hrísum | 11 | 97 |
| 20 | — Haldori Stedja — | 12 | 80 |
| 21 | — Gísla Stórakroppi | 17 | 42 |
| 22 | — Sveini Klett — | 4 | 50 |
| 23 | — Einar — „ — | 1 | 68 |
| 24 | — Hanesi Deildart | 14 | 26 |
| 25 | — Bjóni — „ — | 5 | 93 |
| 26 | — Guðrn. Brekkukot | 4 | 50 |
| 27 | — Eyolfi Hardarbaki | 7 | 58 |
| 28 | — Þorst. Gróf — | 4 | 50 |
| 29 | — Sigurdi og Einari Vilm | 1 | 69 |
| 30 | — Gísla Litlakroppi | 1 | 41 |

| | Framhald | Kr | aur |
|---|---|---|---|
| 31 | frá Sighvati á Hrísum — | „ | 56 |
| 32 | — Bjarna á Stedja — | „ | 56 |
| 33 | — Haldori á Stórakroppi — | „ | 56 |
| 34 | — Jakob í Deildartungu — | 1 | 41 |
| 35 | — Stefani í Hrísum | 1 | 13 |
| 36 | — Birni í Brúsholti — | 3 | 92 |
| 37 | — Magnúsi á Vilmundarstöðum | 21 | 74 |
| 38 | — Páli á Steindórstöðum — | 27 | 14 |
| 39 | — Arna í Geirshlíðarkoti — | 18 | 76 |
| | Alt Varðkaup Grímsi eru | 360 | „ |
| II | þann part af Varðkaupi Magnúsar Einarsonar sem hann fær, eiga þessir að gjalda | | |
| 1. | frá Jóni bónda Skáney — | 16 | 96 |
| 2. | — Páli — „ — Steindórst — | 18 | 48 |
| 3 | — Steinólfi Hæginði | 2 | 35 |
| 4 | — Bjarna Hardarbak. — | 8 | 54 |
| 5-6 | — Steinb. og Kristófer Steindórst. | 4 | 23 |
| 7 | — Hannes hreppst. Deildartunga | 12 | 40 |
| | þar að auk lеggst út fyrir fæði og hesta M. | | |
| 1. | af gjaldi Magnúsr Vilmst — | 45 | |
| 2 | — — Páls á Steindórst — | 26 | |
| 3 | — — Bjarna á Hardarbak. | 16 | |
| | þá als í Magnúsar þarfir útg— | 150 | |
| | en eptir til Sveitar reykningsi — | 160 | |
| III | Til Gísla í Botni útleggst | | |
| 1 | frá Páli á Steindórstöðum — | 2 | 50 |
| 2 | — Magnúsi á Vilmundarst — | 18 | 35 |
| 3 | — Sigurdi á Hömrum — | 18 | |
| 4 | — Oddgeir á Skógum — | 12 | 92 |
| 5 | — Jóni á Skógum | „ | 58 |
| | als til Gísla úr hreppnum | 52 | 33 |

# Skadabætur úr Rhdkkr

## haustið 1875 útleggjast þannig

| | | kr | a |
|---|---|---|---|
| I | Til Gísla bónda Stórakr. | | |
| 1 | hann á alsað fá | 120 | |
| | þaraf borgað í vor 6 ær 2a | 76 | – |
| | nú útlagt hans Skaðab.gjald | 31 | |
| | og af Odds á Brennistöðum | 13 | – 120 |
| II | Til Björns b. Brúsholti | | |
| | hann á als að fá | 215 | .. |
| | þar af borgaði vor 9 ær | 108 | |
| | nú útl. hans Skaðab. gjald | 7 | |
| | af Magnúsar Vilmundarst | 72 | |
| | – Oddgeirs í Skógum | 12 | |
| | – Þorsteins í Geirshlíð | 1 | |
| | – Hreppst. H. Deildart. | 11 | – 50 |
| | – Björns í Deildartungu | 3 | 50 |
| | | 215 | |
| III | Til Sveins í Brúsholti | | |
| | hann á als að fá | 30 | |
| | þar af borgaði vor 2 ær | 24 | |
| | nú útl. frá Hansi Grímsst. | 6 | = 30 kr |
| IIII | Til Jóns bónda Litlakroppi | | |
| | hann á als að fá | 417 | |
| | af því á hann að fá úr Hálsahr | 186 | |
| | hér úr hrepp borgaði vor 8 ær | 192 | (192) |
| | nú útl. hans Skaðabótagjald | 32 | 50 |
| | frá Jóni bónda Skáney | 18 | |
| | – Jóni Skáneyjarkoti | 4 | – |
| | – Gísla Kleppjárnsreykjum | 8 | .. |
| | – Gísla á Hrísum | 21 | 50 |
| | – Einari á Kletti | 3 | .. |
| | – Bjarna á Hurðarbaki | 9 | 50 |
| | – Eyjólfs á | | |
| | – Jóni á Breiðabólst. | 1 | 50 |
| | – Oddi á Brennistöð | 14 | – |
| | flyt | 395 | |

| | | kr | a |
|---|---|---|---|
| | framhald | 395 | |
| | frá Magnúsi Vilmundarst | 7 | |
| | frá Akraneshrepp | 15 | |
| | | 417 | |
| V | Til Haldórs bónda Stedjá | | |
| | hann á alsað fá 465 | | |
| | þaraf úr Hálsahrepp 248 | | |
| | en hér úr hreppnum | 217 | |
| | þar af borgað í vor 4 ær | 48 | |
| | nú útl. hans skb. gjald | 22 | 50 |
| | frá Birni Deildartungu | 7 | |
| | – Mad. Hald. Grímsst. | 3 | |
| | – Árna Geirshlíðarkoti | 9 | 50 |
| | – Þorleif. ~~Kjalkat~~ Kjalvararst | 10 | |
| | – Sveini á Kletti | 8 | |
| | – Þorsteini á Grófi | 8 | |
| | – Páli Steindórsstöðum | 90 | |
| | – Jóni Hægindi | 1 | 50 |
| | – Árna á Skáney | 9 | 50 |
| | | 217 | |
| VI | Til Sig. Hreppst. Indriðast | | |
| | honum er ætlað úr hreppnum | 135 | |
| | útlegst þannig | | |
| | frá Oddgeir Skógum | 11 | 50 |
| | – Sigurði Hömrum | 40 | 50 |
| | – Magnúsi Vilmundarst | 73 | |
| | – Þorlaf. Kjalvararst | 10 | |
| | | 135 | .. |

Framhald



## Athugas. við Skaðab. útlagið

kr a

1 í Skaðab. bar þorði Skáneyjarkoti að latta 10 kr en lét í vor. á á 12 kr á því að fá til baka 2 kr sem Jóni Hægindi ber að borga honum af sínu skaða bótagjaldi og

2 Í sama máta á Jón í Hægindi að borga til Guðm. í Brekkukoti 4 kr sem hann hafði í vor afborgað.

3 Steingrímur á Kopareykum lét í vor á í skbætr á 12 kr á því að fá til baka frá Steinólfi gjald hans og frá Olafi Reykum 2 kr.

4 í sama máta ber Málfríði á Snældu að fá tilbaka frá Sigurði á Hömrum 4 kr

5 og Prófastur í Rholti fær frá Mad. Haldoru 1. kr. og eru þá öll gjöldin útlögð. –

## Aðalupphæðir Gjaldanna

| Tala | Varðkaup | kr | a |
|---|---|---|---|
| I | Grims til Jóns í Hægindi | 360 | .. |
| II | Magnúsar Einarssonar | 150 | .. |
| III | til Gísla í Stórabotni | 52 | 33 |
| | ath (eptir Magnúsar gjaldi) | 160 | |
| | allt | 722 | 33 |

| Tala | Skaðabót | kr | á |
|---|---|---|---|
| I | til Gísla Syslunefndarm. á Stórakroppi | 120 | – |
| II | – Björns í Brúsholti | 215 | – |
| III | – Sveins | 30 | – |
| IIII | – Jóns bónda Litlakroppi hér úr hreppi | 213 | – |
| V | – Haldórs bónda Stedja hér úr hreppi | 217 | |
| VI | – Sigurðr á Indriðast hér úr hreppi | 135 | – |
| | allt | 930 | .. |

þann 6. Marts 1876 hjelt Hreppsnefndin fund með sér að Reykholti og var þá kosin vara Oddviti Þorsteinn í Geirshlíð með 3ur atkv. fleira var ei gjört.

St. Grímsson

O Bjarnason B Þorsteinsson Jon Hannesson Þorst Þorsteinsson

Árið 1876 þann 27 júni var Sveitar fundur haldinn að Reykjaholti til að gjöra áætlun um tekjur og gjöld hreppsins fardagaárið 1876/77 2 nefndarmenn vantaði nefnil Jón bónda Hannesson og Odd Bjarnason. Áætlun var gjörð en niðurjöfnun aukaútsvarsins sleppt þangaðtil allir nefndarmenn gætu verið viðstaddir. —

St. Grímsson  Þ Þorsteinsson

Bjarni Þorsteinsson

Árið 1876 þann 30 Okt var sveitar og nefndar fundur haldinn í Reykjaholti var þá fyrirtekið

1 að jafna niður útsvörum

2 framlagði Oddvitinn sveitarreikninginn sem var afhentur Þorsteini í Geirshlíð til yfirskoðunar. Útsvör voru útlögð og var sveitarnefndin samþykk bæði um útsvars upphæðina og útbýtun útsvaranna

St. Grímsson

Oddur Bjarnason

Bjarni Þorsteinsson  Jon Hannesson

Þorst. Þorsteinsson

[illegible]

Ár 1876 14 Decemb. um hádegi átti Lögreglustjórinn í Fjárkláðamálinu fund á Vilmundarstöðum við hreppsnefndina í Reykholtsdalshrepp til að ræða um framnkvæmdir á Auglýsingu landshöfðingans frá 30. f.m. Eptir nokkrar umræður kom Lögreglustjórinn og Hreppsnefndin sér saman um að ríða með bóndanum Magnúsi Jónssyni á Vilmundarstöðum á fund prófastsins í Borgarfjarðarsýslu séra Þórðar Jónassonar til að heyra hans ráð og tillögu um þettað mál.

Samþikkti þá hreppsnefndin á Reykholti eptir lánga umræðu að gjöra þegar gangskör að því að útvega nægileg baðmeðöl í eittbað á allt fé hreppsins, og lofaði hreppsnefndar Oddvitinn þegar á morgun að fara á stað suður til að kaupa fyrir 200 kr annað hvort Aluiseotin bað (eða karból sýru og sápu) Enn Hreppsnefndin vildi ekki sem stendur undirgángast annað, en baða dyggilega alstaðar í Hreppnum ef þessi kláðinn skyldi síðar gera vart við sig; enn gæti hún ekki kannast við að þessi kláði hefði verið í Hrút þeim, sem læknaður var í Hrísum í gær eða öðru fé þar, og vildi hún því ekki sem stendur undirgángast að

ad fram fylgja fyrirskypun Landshöfdingans um
alment bad fyrir desember mánadarlok, gerdi
þvi Hreppsnefndin þad ad Skilyrdi fyrir ad sækja
badmedölin nána ad Lögreglustjórinn mælti
med þvi ad bændur hér i hrepp feingju frest
til varsyns med ad fram kvæma ~~(badid)~~ skypun
Landshöfdingja i Auglysingu fr. 30 f m.

Lögreglustjórin tók fram, ad hann yrdi ad
leggja fastlega á móti þvi; ad bændur feingju
þennan frest. Lagdi þar eptir Lögreglustjóri
fyrir Hreppsnefndina samkvæmt 3 grein auglys,
ingarinnar fr 30 f m. ad gjöra Skilyrdis og ummæla
laust innan 3 Sólarhringa gángskör ad þvi
ad útvega in nefndu medöl. Sagdist hreppsnefndin
vilja hugsa sig vel um þetta mál, og ræda
málid vid adra sveitunga sina, var þá fundi slitid

Jón Jónsson   St Grimsson   Bjarni Þorsteinsson
Jón Hannesson   Oddur Bjarnason
Þ Þorsteinsson

Þetta ad fundarhald er hér innfært ordrjett eptir
fundargjörd Lögreglustjórans
vitnar St. Grimsson

Ár 1877 hinn 16 dag Júnim var haldinn kjörfundr
á Sturlureykjum á þeim parti hreppsnefndarinnar
er þá gekk úr samkvæmt Sveitarstjórnarlögunum
frá 4 Mai 1872. kjörstjórninni höfdu borist 2vö
bréf frá Profasti séra þ. þ. Jónassen í Reykholti
~~af 12 þ.m. hvar~~ í hann telur sig rángsettan á kjörskrana
því hann sé einn þeirra er ekki þurfi ad taka
móti kosningu samkvæmt nefndri Tilskipun
28 gr samanborinni vid 5 gr.
~~hitt~~ brefid ~~frá sama degi~~ 13 þ m hvar í hann leidir athygli
kjörstjórnarinnar hvort brædurnir Bjarni
og þórdur Sigurdarsynir frá Hömrum ætti
ekki ad standa á kjörskránni þar jafnráda
deildarsömum mönnum sé illa slept frá
almennum Sveitar rádstöfunum, á þessi bréf
hefur Kjörstjórnin lagt svolátandi úrskurd
ad kjörstjórnin hefur ekki þekkingu á ad
neita prófasti um undanfærsluna sína.
Sídara bréfid af 13 júni hefur kjörstjórnin
ekki vitá ad taka til greina.
eptir samkomulagi urdu þessir eptir í
Hreppsnefndinni Jón Hannesson á Skáney og
þorsteinn þorsteinsson á Geirshlid
enn í vidbót vóru kosnir þessir
Hannes í Deildartungu med öllum
atkvædum sem á þingi vóru als 14

þarnæst þorleifur Gunnarsson á Kjalv. st. 12 atkv.
og Gísli Böðvarsson í Hrísum með 11 atkv.
álítur kjörstjórnin þessa þrjá menn þvi
rjett kjörna í Hreppsnefndina. og
hafa aungvir um það kreift mótmælum
Sturlureykjum 16 Júní 1877

H Grímsson

Þ Þorsteinsson

Jón Hannesson

Árið 1877 hinn 28 Oktober haldinn Hreppsnemdar=
fundur að Reykholti til að jafna niður útsvörum, og
úthleggja þaug með þurfamönnum hreppsinns, og var
sveita nemdin samþikk að mestu um upphæð útsvar=
anna og um úthlutun þeirra –
Hannes Magnússon Þorst Þorsteinsson
Jón Hannesson Gísli Böðvarsson Þorl. Gunnarsson

Árið 1878 hinn 6ta April kallaði, Oddviti hrepps=
nemdarinnar í Reykholtsdalshreppi saman alla hrepps
búa á fund að Sturlureykjum til að ræða um vandræði
sveitarinnar, mættu flestir búendur og eptir tilmælum
Oddvita var prófastur þ Þ Jónasson í Reykholti fund=
arstjóri, var þá first tekið til umræðu hvurt
mönnum sindist hættara firir sveitina að láta
Björn á Kleppholtsreykjum búa áframm eða ekki
eptir laungar umræður urðu flestir með því að þaug
hjón væri látin búa (nema Próf og oddviti) með eptir=
filgjandi athugasemdum, first að kona Björns feingi
betri heilsu, og annað að þaug hjón sindu betri á=
stundun að uppfræða börn sín enn að undanförnu,
og þriðja að Guðríður tengdamóðir Björns færi burt
frá honum, – Sýslunemdarmanni Gísla Eggertssyni
og Þorsteini bónda Þorsteinssyni í Geirshlíð var
falið á hendur að birta hjónonum á Kleppholtsreykju[m]
áður taldar athugasemdir –
líka var borið fram á fundinum að nú mætti
búast við að Gísli á Súlunesi kæmi í vor uppá
hreppinn með 3 börnum þar frjest hefði að honum
hefði verið bigt út af jörðinni enn þar
oddviti gat ekki borið fram skriflega vissu
firir þessu þótti sveitar mönnum ekki þörf að ræða
neitt um málefni þettað

líka var rætt um að nauðsyn væri að gjöra bráðlega
við Brúna hjá Stórakroppi og einkum sökum þess
að það hafði farist fyrir í fyrra að vinna eins og til-
tekið var og var Oddvita falið á hendur að sjá um
framkvæmdir á því verki

fundi slitið

Hannes Magnússon

Árið 1878 hinn 16 Mai var haldinn hreppsnefndarfundur
að Reykholti var þá skrifleg vissa fengin um
að Gísli á Sulunesi ætti að flytjast hingað í hreppinn
var þá tekið til umræðu hvorjum ætti að skipta
upp heldur Birni eða Gísla því hreppsnefndin
hafði ekki umráð yfir neinu jarðnæði nema Klepp-
holtsreykjum er Oddviti hafði fengið fult leyfi
hjá jarðareiganda að brúka handa hvorjum hann
vildi sveitinni í hag, nefndarmönnum kom því
saman um að skipta Birni upp með 3ur börnum og
konu sinni vanfærri, þar hann hefði tekið
illa undir að uppfylla þær athugasemdir er gjörðar
voru á næsta fundi á undan, og annað það að hann
sýnd aungvann vilja eða viðleitni að [hjálpa til að] hafa ofanaf
fyrir sjer eða sínum, og þriðja að hann væri
illa rændur í nágrenni —
var því ráðið að Gísla væri haldið við bú
á Kleppholtsreykjum þar hann væri álitin verk
maður og hefði fullann vilja á að leggja sína krapta fram

til að vinna fyrir sjer og sínum (konu vanfærri og 3 börnum
líka var rætt um að gjöra áætlun er nefndar-
menn álitu ómögulegt sökum þess að menn gætu
ekkert gizkað á hvað þarfirnar yrði miklar
kom því nefndinni saman um að láta það drag-
ast þar til Sýslumaður þingaði og bera þá
þettað atriði upp fyrir honum

fundi slitið

Hannes Magnússon (Oddviti)

Árið 1878 hinn 1ta júní á vorfundi á Sturlureykjum
kom nefndin saman á samt flestum hreppsbúum til að
ræða ins mál er hreppsbúa varðaði þar var gjörð fyrirskipan
um grenjaleit og um Stóðhrossa rekstur á Afrjett-,
þjóðvega gjörð hjá Stórakroppi er oddviti tókst sjer að
sjá um, þjóðvega gjaldið úr hreppnum var ætlast til að
gengi í verkalaun nema 8ta kr 24 aurar er Oddviti
borgaði Sýslumanni á þinginu eptir hans skriflegri
skipan — Jóni Hannessyni á Skáney og Gísla Böðvar
syni í Hrísum var af oddvita falið á hendur að sjá
um aukavegabót sinn kaflann hvorjum — —
líka var samþikt af öllum fundarmönnum að kaupa
hálfum vagn og handst Herra Magnús Jónsson
á Vilmundarstöðum til að borga helminginn af
sveitinni borgaði það hálfa eður 20 kr sem Odd-
viti hefur nú þegar borgað til Herra Hallgríms í Guðrún
arkoti; þessi hálfi vagn, sem nú kallast fremur Herra

er ætlað til að bruka við þjóðvega ~~brú~~ [í hreppnum] ~~upp~~fylla
þar með möl — líka var á þessum fundi talað um
uppbigging á bátslæfunni á Kleppholtsreykjum buðust þá
nokkrir bændur til að gjöra upp tóftina án endurgjalds
enn Gísla Böðvarssyni í Hrísum var falið á hendur
að smíða grindina og hefur hann fengið [borgun] fyrir
vinnu sína sem sveita bókin sýnir

var svo þessum fundi slitið
Hannes Magnússon

Árið 1878 hinn 29 Október var sveitar og hreppsnefndar-
fundur að Reykholti var þá jafnað niður sveitar út-
svörum á bændur, og útlögð með hreppsins þurfamönn-
um, og var sveita nefndin samþykk að öllu, bæði um
útsvars upphæðina, og úthlutun útsvaranna
fundi slitið
Hannes Magnússon Þorst. Þorsteinsson Jón Hannesson
Gísli Böðvarsson Þorl. Gunnarsson

Árið 1879 hinn 20ta Maí var haldinn almennur
sveitar, og hreppsnefndar fundur, að Sturlureykjum,
voru þar rædd öll þaug mál er hreppsmönnum
komi saman um að nauðsyn mundi til bera
hver á meðal var af oddvita fyrir skipuð
Grenjaleit, Stóðhrossa reglur á afrjett og
þjóðvegagjörð hjá Kleppholtsreykjum

fyrir gjald er eptir stöð hjá stöku mönnum
frá í fyrra, enn þar sýslumaður hefur í áformi
að þinga svo seint og ekki víst hvort fæst að
vinna þessa árs [vega]gjald innan hrepps, varð ekki
gjörð nein ákvörðun um það — einnig fyrir
skipaði oddviti um aukavegagjörð og var
Jóni Hannessyni á Skáney Prf. Þ. Jónassen
í Reykholti Magnúsi Jónssyni á Vilmundar-
stöðum Oddi Bjarnasyni á Brennistöðum
Gísla í Hrísum Þorl. á Kjalvararstöðum
falið á hendur að framkvæma [verkið] dag sjá um
sinn kaflann hverjum —,
var svo fundinum slitið
Hannes Magnússon (Oddviti)

Haustið 1879 hinn 30ta Október var haldinn
hreppsnefndarfundur að Reykholti og mættu
þar allir nefndar menn og einnig var þar
við staddur Prof. Þ. Jónassen þá var jafn-
að niður sveitar útsvörum á bændur og þaug
útlögð með hreppsins þurfamönnum, og var nefndin
samþykk að öllu bæði um útsvarsupphæðina og úthlutun
útsvaranna — fundi slitið. Hannes Magnússon Þorst. son
J. Hannesson G. Böðvarsson Þorl. Gunnarsson

Hinn 19 Júni var haldinn almennur sveitar=
fundur á Sturlureykjum og þar frammkorinn
og fyrirskipað af Oddvita eptir fylgandi málefni
1 samkvæmt sveitastjórnarlögonum 6 grein, bar
að ~~bar að~~ kjósa 2 menn í Hreppsnemdina í stað
þeirra er úr henni gánga samkvæmt 5 gr.
Enn eptir margitrekaða áskorun Oddvita, til
bænda um að kjósa, varð alveg forgefinns -,
Enn þar á móti kom bændum saman um að
biðja þorsteinn í Geirshlíð að vera kjörrann
í nemdinni, og gaf hann þeim kost á því
Einnig skoraðist oddviti undan að hafa Odd=
vita störf á hendi ýmsra ástæða vegna og
einkum þar miðar lag 5ta gr. heimilar það -,
Enn um síðir gaf hann kost á sjer til að halda
reikníngana, og vera fjehirðir, þar til endileg
kostning frammfæri
2 Öllum hreppsbændum kom saman um, að sækja
um til Sýslunemdarinnar að fá að hafa ekki
nema 3 menn í nemdinni, í staðinn fyrir 5 -,

3 Vegabót við Sjóðvegin var af Oddvita, falið á
hendur Hreppsnemdar manni þorleifi bónda á
Kjalvarastöðum til alþra yfir ráða og umsjónar -,
4 Einnig um auka vega gjörð var nemdarmönnum
falið á hendur að sjá um sinn kaflann
hverjum til endurbótar -,
5 þar var fyrir skipað gýjenjateit
6 einnig var fyrir skipaður stóðhrossa regstur á
Afrjett -,
7 þar var rettinn hvar undirstaða væri
tryggust og hentugust til grundvallar, Útborg-
unar á Arnarvatns heyðar kaupinu, og varð
sú niðurstaða að Hreppsnemdin sækti um til
Sýslunemdarinnar að sveita sjóður hreppsins kaupi
Heyðar land þetta

Var svo þessum fundi slitið

Hannes Magnússon (Oddviti)

Haustid 1880 hinn 2 Nóvember var haldinn hrepps-
nemdarfundur ad Reykholti og Mættu þar
3 nemdar menn, þeir er hreppsbúar kosdu
á Hreppamótinu 23 Jún komid sjer saman
um ad væri í nemdinni, sem kvæmt leifi
og sampikki Sýslunemdarinnar ad hafa
3 í stadinn firir 5. — var þá 1 laghi Tjund eptir
hinum nýju lögum, og 2ad jafnad nidur sveitar útsvör-
um á bændur og búlausa 3ja þang útlögd med
hreppsins þurfamönnum 4. Nemdar menn kusu
sjer Oddvita úr sínum flokki, og vard þorl.
bóndi á Kjalvararstödum firir kosningunni.
var svo eigi meira rætt til ad Bóka á þessum
fundi, og var nemdin sampikk í einu hljódi
var svo fundi slitid

Hannes Magnússon þ þorsteinnsson
þorl. Gunnarsson

Á Hreppskilaþingi er haldid var á Sturlureykjum
hinn 18 Júní 1881. Var af Hreppsnemdinni firir-
skipud Vegabót á þjódveginum hjá Stórakroppi
og Kleppholtsreykjum, firir gjaldi því er
stód eptir ógreitt frá í firra — Enn Auka-
vega bót var firir skipud, ad gjöra vid kirkju
veginn hjá Reykholti —.

Hreppsnemdar oddviti þorleifur Gunnars
son á Kjalvararstödum, Bad ad gefa sig lausan
frá Oddvita störfum, og var honum veitt þad,
enn í hanns stad tók Hreppsnemdarmadur
þorsteinn bóndi þorsteinsson í Geirshlíd
vid oddvita störfum —.

var svo eigi meira rætt til ad Bóka á þessum
fundi

þorsteinn þorsteinsson þorl. Gunnarsson
Hannes Magnússon

(1882)

Þann 20 júní var hreppsfundur haldinn að Sturlureykjum, og var þá auk ~~[illegible]~~ framhald tekið fyrir að kjósa nýja hreppsnefndarmenn og urðu þessir fyrir kosningu

Þórður á Hóli Sigurdsson fékk 13 atkvæði
Gísli á Stórakroppi Eggertsson — 13 — og
Ólafur á Sturlureykjum — 11 —

Orsökin til þessa mun greinilega verða tekin fram í bréfi því er hreppsnefndin sendir sýslunefndinni um kjör þetta. —

~~Eptir nokkrar umræður var Gísli á Stórakroppi gefinn lausn úr nefndinni og kosinn í hans stað Bjarni Sigurdsson á Hömrum í hans stað í nefndina~~

1 Eptir nokkra umræðu var gísli Eggertsson á Stórakroppi gefinn laus úr nefndinni og kosinn í hans stað Bjarni Sigurdsson á Hömrum í nefndina aptur og tók hann þá við oddvita störfum; oddvitinn lét gjöra

Greina lét ~~gjörð~~ á Suðurfjalli vorið 1882 þar fannst gren feinginn dírakitta grenið vanst Skittunni borgaður sveitar sjóð Reykholtsdals krepps.

B.Sigurdsson Ólafur Jónsson

Þórður Sigurdsson

1 Vega bóta gjaldið sem Reykholtsdalshrepp bar að vinna af sér að [með] sjóð vegum í Síðumhreppi vorið (1882) borgaðist [með] Eptir Stöðlum frá árinu 1881

2 Sýslu sjóðs gjald sem Reykholtsdalshrepp var gjört að láta fyrir árið 1882 af Sýslumanni gafnaði hreppsnefndinn niður ~~á~~ Eptir útsvörum í Síðum hreppi og svo inn kallað af hreppsnefndarmönnum og afhent Sýslumanni ~~af~~ af oddvita B.Sigurdssyni

3 Sýslu ~~vega~~ gjald sem Reykholtsdalshrepp bar að láta vorið 1882 var af hreppsnefndinni jafnað niður Eptir Útsvörum manna og innkallað af nefndini og af ~~[illegible]~~ hent Sýslumanni af oddvita Bjarna Sigurdssyni

4 Haustið 1882 var haldinn fundur í Reykholti af hreppsnefndinni til að leggja í tíund 2ar til að jafna niður [Sveitar] Útsvörum á bændur og búlausa sjá þang út lögð með hreppsins þurfa mönnum,

Bjarni Sigurdsson Ólafur Jónsson
Þórður Sigurdsson

1. vega bóta gialdid sem Reykholts dals krepp- bar ad
virna ad sjód vegum í nefndum krepp 1883.
var unnid ad sjód veiginum firir nedann
Stórgkrepp og kvittadist med þoi

2. Sýslu siods gialdid þad sem Reykholts-
dals krepp barad borga þad sama ár íafnadi
krepps nefndinn nidur eptir út svörum manna
og inn kallad af kreppsnefndinni og svo af
hent sýslumanni af [illegible] B. Sigurdssyni

3. Sýslu vega giald sem Reykholts dals-
krepp bar ad borga vorid 1883. var lagt á Eptir
Sveitar útsvörum og inn kallad af kreppsnefndini
af hent sýslumanni af Valdvita Bjarna Sigurdssyni

4. Haustid 1883. hielt kreppsnefndinn
fund med sier ad Reykholti til ad leggia á-
í tiund 2ad til ad iafna nidur útsvörum á bændur
og búlausa 3ja þang út lögd med kreppsvinnu
þurfa mönnum og var krepps nefndinn

öll sam sitt med uppbod út svaranna og út
bitun þeirra var svo fundi slitid Bördur Sigurdsson
Olafur Jónsson B. Sigurdsson

Vorid 1883 var giörd grenia leit á Sudur fialli
þar fanst gren vanst hálft Borgadur Sveitar
Siód Reykholtsdals krepps líka var giörd grenia
leit á Arnarvatns heidi þad sama vor og fanst
Ekkert gren, Borid út Eyþur haustid 1883.
á Arnarvatns heidi borgad med 9kr 90aur úr
Reykholtsdals Sveitar Siód,

B. Sigurdsson Ólafur Jónsson
Bördur Sigurdsson

Þar ed kreppsnefndinn og kreppstióri
hieldu fund med sier á Sturlureykium þann 5 mars
1884 um ímislegt málefni kreppsinum vid komandi
kom þá first til um ræda ad Gudrún Bödvarsdóttir
í Bæ borgadi tveggia ára 6 V. med [illegible] lag hvort ár
tólf vettir firir badi árinn sem Reykholtsdals-
kreppur hafdi lánad Arnei á Úlfsstödum til ad
giefa med barni sem kona hans átti [illegible] Úlfsstödum
í hálsa krepp og hefur firnefnd Gudrún nú af-
sakt ad borga

Reykholtsdalshreppi firir bædi árinn 12 V. af skuldug leika var þessþörid leit ad kúngiora

þettad dóttur syni Helga, þar fir nefndur Árni

var Ekki svo Efnum búinn ad geta borgad Reykholts-

dalshrepp ádurnefnt lán

B Sigurdsson Ólafur Jónsson
Þ Sigurdsson

Vorid 1884 hiellt Hreppsnefndinn

gióra grenia leit á sudur fialli, líka var unninn

ad vega bót 16 dagsverk sama vor

Haust tid 1884 hiellt hreppsnefndinn

í Reikholtsdalshreppi fund med sier ad Reykholti

1 til ad legga í Tiund 2 ad til ad iafna nidur útsvörum

á Bændur og búlausa 3 ia þaug út lögd med hrepps-

þurfa mönum, og vár hreppsnefndinn öll sam

þikk med uppkædina útsvaranna og útbítan

þeyrra, Var svo fundi slitid

Þórdur Sigurdsson Ólafur Jónsson
Bjarni Sigurdsson

Sumarid 1884 var iafnad nidur sýslusiods

gialdi epthir briefi sýslumannsyns í Mýra og Borgarfiardar Sýslu

ad uppkæd 79 kr 63 ar.

B Sigurdsson

Þann 20. júnímánaðar 1885 var hrepps-
-fundur haldinn að Sturlureykjum, og var þá
auk framtals í tekið fyrir að kjósa í hrepps-
-nefnd í stað Bjarna Sigurðssonar á Hömr-
-um og Ólafs Jónssonar á Sturlureykjum
er viku úr nefndinni, og urðu þeir fyrir kosningu:

Einar Magnússon á Steindórsstöðum með 19 atkv.

og Bjarni Þorsteinsson á Hurðarbaki með 13 —

Hreppsnefndarmenn kusu úr sínum flokki fyrir odd-
vita Einar Magnússon.

2 Fyrir skipuð grenja leit og fleira,

3 Samþykkir fundurinn að öll óþörf naut
Sveitarinnar sjeu rekin til fjalls í sumar
svo fljótt sem verða og skorar á hrepps-
nefndina að hafa alvarlegt eptirlit með því
að eigendurnir framkvæmi það,

4 Kosinn fjallkongur í einu hljóði
Þorsteinn Magnússon á Húsafelli

Fundi slitið; Einar Magnússon

Árið 1885 24. okt. var haldið haust
hreppaskilaþing í Reykholtsdals-
hreppi.

1. Kom til umræðu hagásetning og
fjárskoðun. Kom mönnum saman
um, að sveitinni sé í því tilliti skipt
í 3 deildir: 1. deild sé Reykholtsdalur
norðan ár, 2. d. Reykholtsdalur sunnan
ár, 3. d. Flókadalur. Sé í hverri
deild 3 manna nefnd kosin til að
gjöra 3 skoðanir: 1 um í haust, 2. um
miðjan vetr, 3. í vor. Þar til er samin
verði reglugjörð fyrir hreppinn í þessu
tilliti, skuli nefndarmenn ~~þar eða~~
~~þeim~~ hafa hliðsjón af þessari
reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu,
er prentuð er í Ísafold No 41 þ. á.
og fara eptir henni þar sem þeim
þykir það viðeiga. Kosnir voru í nefndir

þessir: Í 1. deild: Hannes í Tungu, Þórður í Brekkukoti og Jón í Hægindi; í 2. deild: Magnús á Vilmundarstöðum, Einar á Steindórsstöðum, Gísli á Stóra-Kroppi, í 3. deild: Þórður á Hæli, Oddur á Brennistöðum og Gísli í Brúsholti.

2. Lesið upp bréf sýslumanns, dags. 3. þ.m., er birtir bréf landshöfðingja dags. 8. f.m. ~~um það~~ þess efnis, að rétt sé krafið tvennra afréttargjalda af heiðarlandi því, er keypt er frá Kalmanstungu til Reykholtsdalshrepps og Hálsahrepps, og krefur sýslunefnd sem fyrst 2/3 af 20 kr. 58 a., eða 13 kr. 72 a., sem komi í hluta Reykholtsdalshrepps.

3. Samþykkt að greiða Þorsteini á Húsafelli 14 krónur fyrir ferð hans norður á heiði í vor til að gjöra úttekt um landamerki, eptir kröfu hans.

4. Rætt um eyðingu refa. Ákveðið að eitra skuli á heiðinni og suðurfjallinu. Gengið að því boði Þórðar á Hæli, að annast um eitrun á Suðurfjallinu fyrir 2 kr. 50 aura auk borgunar fyrir eitrið sjálft — þó ~~að~~ áskilur fundurinn sér rétt til að eiga aðgang að einstökum mönnum, er þar eiga land, um endurborgun kostnaðar þessa. Þórður sjálfur þarf eigi að borga þar af neinn hluta fyrir sitt land.

5. Oddviti ber fram umkvörtun nokkurra manna um að sveitin sé svo gott sem yfirsetukonulaus, þar sem hinnar skipuðu yfirsetukonu sé af svo sem engum vitjað, enda sé hún mjög heilsulaus. Var samþykkt, að fela oddvita helst í samráði við oddvitann í Hálsahreppi að fara í tal við hina skipuðu yfirsetukonu að hún beiðist lausnar frá starfi sínu.

6. Ákveðið að smala almennt tryppum og fé á mánudaginn, eða ~~[illegible]~~ fyrsta þurran dag úr því, og reka tryppin til rétta næsta dag.

7. Eptir lysi fundarstjóra bar prófast-
inn í Reykholti upp það kirkju-
garðsbyggingarmálið þar. Allir
þeir sóknarmenn, er á fundi
voru, samþykktu að kirkju-
garðinum skyldi allur verða skíð-
garður, og vera álíka stór og hann
hefir verið, og kirkjan standa
utangarðs. Lofuðu allir að standa
ast kostnaðinn hver að sínum
hluta, og prestinum lofað(?) í þá(?) upp
á væntanlegt samþykki yfir-
stjórnenda kirkjunnar, að kirkjan
byggi til efni í verkkleiðina(?). Voru
menn á það sáttir að garður-
inn skuli koma upp sem
fyrst, þó ~~að~~ þannig, að ef
ennþá(?) verði að fá léni(?) til þessa
megi það afborgast á nokkrum árum,

þó varla fleiri en fimm. Á fundi voru
húsráðendr frá öllum heimilum
í ~~Reykholtssókn, sem~~ en þessum
hrepps nema frá Skáney, Skáneyjar-
koti, Breiðabólstað, Litla Kroppi,
Hrísum og Grófarkoti.

Var svo fundi slitið

Einar Magnússon

Arið 1885 þann 26 oktober var hreppsnefndar
fundur haldin að Reykholti og mættu allir
hreppsnefndar menn, ásamt Prófasti síra Guðm.
Helgasyni og hreppstjóra Hanneri Magnússyni
og var þá jafnað niður sveitar útsvörum á
á bændur og búlausa og þaug útlögð með
hreppsins þurfa mönnum og var nefndin
samþykk bæði um útsvars upphæðina og út-
hlutan þeirra, fundi slitið

Einar Magnússon

Árið 1886 20. júní var á hreppaskila-
þingi að afloknu tíundar framtali
rætt um sveitarmál.

Rætt var um bát þann, er Reykdælir og
Hálsasveitarmenn eiga við Hvítá. Bjarni
á Hurðarbaki var falið, að reyna að
fá hjá Þorgautsstaðamönnum, sem
mest hafa notað ferjuna, efni til við-
gerðar henni. Erlendur á Stóru-Reykjum
tók að sér að viðgera ferjuna, ef efni
væri tillagt. Bjarni á Hurðarbaki tók að
sér að útvega efnið, þó að það bregðist hjá
Þorgautsstaðamönnum. Ákveðið var
að leita til hreppsnefndar Hálsahrepps, um að
taka þátt í kostnaði þessum. Eigi skal
framvegis leyft, að nota ferjuna nema til
fjárflutninga haust og vor. Heppilegast
þykir að setja hana upp á Norður-Reykjum,
og er Bjarna á Hurðarbaki falið að leita
leyfis bóndanna á Norður-Reykjum
og Háafelli til þess.

Rætt var um vegabætur. Kvartað var um,
að eigi væri nein vísbending komin frá
sýslumanni viðvíkjandi sýsluvegum, og því
væri eigi unnt að taka neina ákvörðun
í því tilliti. Sú ákvörðun var tekin,
að lagt skuli til aukavega í vor 1 dagsverk
fyrir hvern verkfæran karlmann. Skal
vinna Flókadæla ganga til að gjöra við
kirkjuveginn yfir Brennistaðaháls, en
hin vinnan til að gjöra brú yfir Kraka-
mýri fyrir framan Reykholt. Þeim
Sigurði á Vilmundarstöðum, Hannesi á Grímar-
stöðum og Þorbirni á Breiðabólstöðum er
falið að vera verkstjórar, við Brakamýrarbrúna, og
Þórði á Hæli og [illegible] á Hrísum við vegabótina á hálsinum.
Byrja skal vinnuna eptir næstu helgi.

Rætt var um þinghús hreppsins. Þinghúsið þykir
lélegt, og var stungið upp á að selja það og fá leigt
hús til funda hreppsins; og ~~leita til~~ var hrepps-
nefndinni falið að leita til þess samþykkis
sýslunefndarinnar. Eigandi ½ Stóru-Reykja, Ólafur Bjarnason,
lofaði að leigja fundahúsið með föstum samn-
ingi gegn 1 vættar borgun fyrir það og áhöldin árlega

Lesið var upp bréf sýslumanns til hrepps-
nefndarinnar dags. 18. sept. þ. á., um að afréttar-
reglugjörðinni eigi verði beitt 1886.
Fundi slitið.

Einar Magnússon
Bjarni Þorsteinsson

Árið 1886 23. okt. var haldið hauskt hreppa-
skilaþing í Reykholtsdalshreppi. Eptir að
tekið hafði verið framtal til tíundartöflu, var
rætt nokkuð um hreppsmál. Bar Sigurður
bóndi á Stórakroppi fram Helgu Þorleifsdóttur
sem þurfandi sveitarstyrk. Bauðst hann til
að láta hana fá ókeypis til fardaga húsnæði
og eldiviði, en vökvum fyrir 20 kr.
Lesið var upp bréf sýslumanns dags. 7. sept. þ. á.
um að sýsluvegagjald hreppsins sé í ár 52 kr.
14 a., og eigi að verja því til viðgjörðar brúnni
fyrir neðan Stórakropp og kringum Kleppsjárns-
Reyki.
Kvödd var almenn smalamennska og milli-

reksts á fé í hreppnum á mánudaginn næsta,
eða, ef veður þá hamlar, þá ~~hvern~~ fyrsta færan
dag úr því. Hreppinn skal smalað
og þeim rekið til rétta á þriðjudaginn.
Tillaga um breytingu á afréttarreglugjörð
Mýramanna í þá átt að Fljótstunguréttir
flytjist í Kalmannstungu land, og Lamba-
tungu byggist til léttisréttar til þeirrar
réttar a. M., var samþykkt í einu
hljóði.
Rætt var nokkuð um afréttarreglugjörð
Borgfirðinga. Var látin í ljós almenn óánægja
með reglugjörðina sérstaklega þetta óhafandi reglan
í 8. gr. fyrir miðsjóðnum fjallskila. Á 24. gr.
óskuðu menn þeirrar breytingar, að fyrstu leitir
til Kalmanstunguréttar verði fram á mánudag,
þriðjudag og miðvikudag í 22. v. sumars, og sé
réttað á fimmtudag.
Minnst var á laxveiði og friðunartíma.
Létu menn í ljós, að fyrir Reykjadalsá sé
hæfilegast til tekinn veiðitími svo, að veiði-
tíminn ~~byrji~~ eigi fyrr en 1. júní, og
helzt ekki fyrr en 10. júní og standi
til 10. sept., og segja kunnugir menn,

ad víst sé, ad lax sá, er gengr í Reykja-
dalsá, þurfi eigi ad hopa fyrri en um
réttir, og lax gangi aldrei í hana fyrri
en komið er fram í júnímánuð.

Rætt var um búnaðarmál. Nefnd sú,
er kosin var á síðast vorhreppaskilum
til endrskodunar laga búnaðarfélags hrepps-
ins, lagði fram lagafrumvarp. Var ákveðið
að frumvarpið gengi sem umburðarbréf
meðal félagsmanna og yrði útrætt á
næsta vorfundi.

Kosnir voru áætlunarmenn og skoðunarmenn
fjárkláða í vetr. Í Reykholtsdal norðan ár:
Hannes í Tungu og Hannes á Grímsstöðum;
í Reykholtsdal sunnan ár: Jón í Hægindi
og Einar á Steindórsstöðum; í Flókadal:
Þórðr á Hóli og Oddr á Brennistöðum.

Fundi slitið.

Einar Magnússon

Árið 1890 28 okt var hreppsnefndarfundr
haldinn að Reykholti og mættu allir
hreppsnefndarmenn ásamt prófasti
síra Guðm. Helgasyni og hreppstjóra
Hannesi Magnússyni.

Var þá fyrst gjörð áætlun um
tekjur og gjöld hreppsins, síðan
var jafnað niður aukaútsvörum á
bændr og búlausa og þau útlögð
með hreppsins þurfalingum og til
ýmsra útgjalda í hrepps þarfir. Og var
nefndin samþykk bæði um tekju
upphæðina og útklutan þeirra.

Fundi slitið.

Einar Magnússon

Árið 1887 18. júní var haldið almennt hreppaskilaþing í Reykholtsdalshreppi, og var þá, er framtali var lokið, rætt um nokkur sveitarmál.

1. Oddviti hreppsnefndarinnar lagði fram 2 bréf sýslumanns dags. 7. sept. og 12. des. f. á., er tilkynna, að sýsluvegagjald hreppsins 1886 sé kr. 52,14 og 1885 kr. 55,43, og að vegagjaldinu síðan árið skuli varið til að gjöra við brýnar keldurnar Stóra Kropp og Kleppjárns-Reyki, og óskar hann skýrslu um vegavinnuna bæði árin. Ákveðið var, að nú í vor skuli leggja til 1 dagsverk fyrir hvern verkfæran mann ~~fyrir hvert árið~~. Til verkstjóra voru kosnir Þórður á Hæli, Sigmundur á Vilmundarstöðum og Erlendur á Stóra-Kroppi (?). Verkstjórunum er falið að kveðja menn til vinnunnar.

2. Ákveðið var að halda fram aukaveginum yfir Brakamýri. Ákveðið að vinnan skuli fara fram á mánudaginn og þriðjudaginn. Verkstjórar voru til nefndir Þorbjörn á Breiðabólstað og Hannes á Grímsstöðum. Hver búandi í hreppnum leggi til vinnunnar ½ dagsverk fyrir hvern verkfæran mann, nema Flókdælir, sem leggja sína vinnu til kirkjuvegar~~ins~~ Flókdæla, undir forustu Þórðar á Hæli.

3. Þá var talað um ráðstöfun þurfamanna. Samþykkt var, að flytja Ragnheiði Hjartarsdóttur til Vestsheimsferðar, svo framarlega sem hún kemst af með ½ fargjald, í von um, að Jón Jónsson hálfbróðir hennar endurgjaldi sveitinni þann kostnað. Oddviti lofar að útvega lán til bráðabirgða gegn því, að sveitin ábyrgist greiðslu lánsins í haust með vöxtum. Pétur í Geirshlíð lýsti því yfir, að hann héldi eigi Friðriku Sveinsdóttur þetta ár, ef hann fengi eigi með henni 40 kr.

4. Talað var um grenjaleitir. Ákveðið að fela Jóni í Hægindi að sjá um það.

Fundi slitið

Einar Magnússon
Þórður Sigurðsson
Bjarni Þorsteinsson

Árið 1887 22. okt. var að afloknum hrepp-
skilaþingi á Stóru-Reykjum rætt um
ýms sveitarmál.

1. Helga Þorleifsdóttir ~~var komin fyrir~~ á
Stóra Kroppi ~~til fardaga~~ var borin upp sem
ósjálfbjarga. Sigurður bóndi á Stóra Kroppi
bauðst til að taka hana sem niðurset-
ning til fardaga fyrir 50 kr., en gjörði að auk
reikning fyrir 5 kr. fyrir fæði hennar í haust.
Svo samdist, að Sigurður tæki hana fyrir
50 kr. alls til fardaganna, að meðtöldu
því er hún hefir fengið eytt hjá honum.
Það sem hún kann að eiga af bjargræði eða
í útistandandi skuldum, skal ganga til
Sigurðar upp í meðgjöfina.

2. Ákveðið að hafa almenna smala-
mennsku ~~um~~ {greitt baðanir á fé} alla sveitina á mið-
vikudaginn kemur og síðan hvern
miðvikudag í haust þar til fé er al-
mennt tekið í hús.

3. Upplesið bréf frá Hannesi hreppstj.
Magnússyni í Deildartungu, þar sem
hann tilsegir sveitinni ómagann Þuríði
Böðvarsdóttur nema hann fái með
henni 100 kr. um árið. Prestur var
að taka ákvörðun um það mál.

4. Kosnir voru ~~slitið~~ heyásetninga-
menn, til að skoða í haust og um
miðjan vetur hey og ~~fénu~~ {peningshús}, og gefa skýrslu
um ástandið {þar sem til þarf} á hverju heimili eftir
skýrsluformi, sem hreppsnefndin semur.
Í umdæminu norðan Reykjadalsár voru
kosnir Hannes í Deildartungu og Bjarni
á Hurðarbaki. Í umdæminu sunnan
ár: Þórður á Kjalvararstöðum og Þór. í Hægindi,
og í Flókadal Þórður á Heli og Ásgrímur í Skógum.

Fundi slitið

Einar Magnússon
Þórður Sigurðsson
Bjarni Þorsteinsson

árið 1887 27 Oktober var hrepps
nefndar fundur haldinn að Reykholti
og mættu allir hreppsnefndar mennirnir
á fundinum á samt Prófasti sjera
Guðm. Helgasyni,

Var þá fyrst gjörð áætlun um Tekjur
og Gjöld hreppsins fyrir fardaga árið
18$\frac{87}{88}$ þar næst var jafnað niður auka
útsvörum á bændur og búlausa og
þau útlögð með hreppsins þurfa
lingum og til ýmsra útgjalda hrepps
þurfir og samþykkti hreppsnefndin
bæði tekju upphæðina og úthlutan
þeirra.

Fundi slitið.

Einar Magnússon

Árið 1888 16. júní var haldinn hrepps-
skilafundr fyrir Reykholtsdalshrepp að Stóra-

Reykjum, og var að aflokum fundarfram-
tali rætt um ýms hreppsmál.

1. Ákveðið var að vinna næsta mánudag og
þriðjudag næsta að sýsluvegabótum á veginum
fyrir neðan Stórakropp. Verkstjórar voru ákveðnir
Sigurður á Vilmund. á mánad., og Þórður á Hæli á þriðjudaginn.

2. Ákveðið [að unnið sé] að hreppsvegabótum í Breku-
mýrarbrúnni á miðvikudaginn næsta
af þessum bæjum: Reykholti, Breiðabólst.,
Skáneyjarkoti, Vilm., Hægindi, Kjalv., Kópa-R.,
St. Kroppi, Grímsst., [Skáney og Skáneyjarkoti] og ennfremur frá
Steindórsst. að tréverkinu seinna dag eða annan.
Verkstjóri: Hannes á Grímsst. Flóka-
dælir gjöra vegabætr á Brennistaða-
hálsi á laugardaginn undir forustu Þórðar
á Hæli. Frá Snældubeinsst., Kleppjárnsr., Hurðar-
baki, Kletti, Deildartungu, Brekkukoti, Hurðarb.,
og Grófarkoti skal unnið að Grófarkots-
brúnni á föstudaginn undir forustu Sveins
í Kletti.

3. Samþykkt var að kaupa Guðmundi Þorsteins-

dóttur frá Skáney til Ameríkuferðar, og taka hún til þess upp á hreppinn. Er Bjarna á Hurðarbaki falið að sjá um framkvæmd á því.

4. Jón í Högnudi óskaði að verða laus við að halda barnið Helgu Jónsdóttur. Ráðstöfun þessari er frestað.

5. Fram fór kosning á einum manni í hreppsnefndina í stað Þórðar á Hóli, sem úr gekk. Eptir samróma tilmælum fundarmanna gaf Þórður kost á að taka við endrkosningu og var hann endrkosinn í einu hljóði.

Fundi slitið

Einar Magnússon

Þórður Sigurðsson

Bjarni Þorsteinsson

Árið 1888, 20. okt., var að aflokinni búendaframtali á hreppaskilaþingi að Stóru-Reykj[um] rætt um ýms sveitarmál.

1. Ákveðið var af almenn. smalamennsku með fé gegnumrekstri um alla sveitina á miðvikudaginn kemur og síðan hvern miðvikudag í haust þar til fé er almennt tekið í hús. Sömuleiðis skal hreppinn smalað, og þar rekin til Reyðgilsréttar á fimmtudaginn kemur.

2. Kosnir voru heyásetningarmenn og skoðunarmenn að því er snertir fjárhirðingu hinir sömu og í fyrra. Skulu þeir fara 3 skoðanir; 1. nú þegar í haust, 2. um miðjan vetr, 3. um sumarmál.

3. Lesið var upp bréf frá sýslumanninum dags. 4. okt. '88, er tilkynnir styrkveitingu landshöfðingja til búnaðarfélags hreppsins og skilyrðin fyrir því, að slíkr styrkr verði veittr framvegis. Einnig var skýrt frá, að útbýtt mundi verða í vor 40 kr. af fé þessu til verðlauna fyrir góða ~~fjár~~ meðferð á fé í vetr.

Fundi slitið

Einar Magnússon Þórður Sigurðsson

Bjarni Þorsteinsson

Árið 1888 25 Oktober var hreppsnefndar fundr haldinn í Reykholti og mættu allir hreppsnefndar menniruir á samt prófasti Sjera Guðm. Helgasyni,

Og var þá fyrst gjörð áætlun um tekjur og gjöld hreppsins fyrir fardaga árið 18 88/89 þar næst var jafnað niðr aukaútsvörum, á Bændr og búlausa. og þau útlögð með hreppsins þurfalingum, og til ymsra annara útgjalda í hrepps þarfir, fleiri málefni komu eigi til umræðu

Fundi slitið

Einar Magnússon

Samkvæmt fyrirmælum amtmannsins yfir suður og vestur amtinu. skulu hjermeð bryndar fyrir hreppsnefndinni eptirfylgjandi reglur um meðferð fátækra málefna.

1 þegar einhver beiðist styrks af hreppsnefndinni ber hreppsnefndinni að heimta um það skriflega beiðni af þurfamanninum, og á það í beiðninni að vera tekið framm berum orðum, að það sje styrkur úr fátækra sjóði, sem beðið er um.

2 því næst á hreppsnefndar oddvitinn að láta framm fara aðsjón á heimili ~~þurfamanns~~ þess, er sveitar stirkinn hefir beiðst. af 2 valinkunnum mönnum er gefi skriflega skýrslu um aðsjónina.

3 ber hreppsnefndinni þegar hún veitir bráðabyrðar-styrk eða boforð um bráðabyrðar styrk úr sveitar sjóði að tilkynna það framm færslu hreppi þurfamannsins, ef hann er utansveitar þurfamaður.

4 allann sveitarstyrk. ber undireins og hann er greiddur að færa inn í sveitar bókina og á nákvæmlega að til-greina þar í hverju hann er veittur og jafnframt að geta þess í sveitar bókinni, að aðsjónin hafi verið gjörð hjá þurfa manninum og af hverjum.

5 Hreppsnefndinni ber þegar hún vill krefjast endur gjalds á styrk, sem veittur hefir verið úr fátækra

sjóði þurfamanni annarar sveitar, ætíð að
senda sundurliðaðan reykning yfir styrkinn
með árituðu vottorði hreppsnefndar oddvitans
um, að reykningurinn sje samhljóða sveitarbókinni
og ef þurfamaðurinn, sem endrgjalds krafan snertir,
er utan sýslu, þá ber hreppsnefndinni að senda
sýslumanni sínum málefni þettað til frekari
fyrirgreiðslu. en ekki snúa sjer beinlínis til
oddvita hreppsnefndar í framfærsluhreppi þurfa
mannsins; þareð reinsla er fyrir því, að slíkar
brjefaskriftir milli hreppsnefndar oddvita optast
-nær að eins eru til þess að tefja fyrir endilegum
úrslitum málanna

6 Ber hreppsnefndum ætíð að við hafa sparnað
sem mest má vera við greptrun utan sveitar
þurfamanna og senda framfærsluhreppi
hans ætíð sundurliðaðan reykning yfir kostn-
-aðinn. skal það að þar tilgefnu tilefni hjer
tekið fram, hvorki að borga legkaup nje
líkrönguseyrir fyrir slíka menn,

7 þegar einhver hreppsnefnd eigi vill una
við þau úrslit, er eitthvert fátækramál
hefur fengið hjá sýslumanni, og óskar
úrskurðar hans afrýjað til amtmanns, þá
ber hlutaðeigandi hreppsnefnd að senda

málið til sýslumanns og beiðast þess af
honum, að hann afgreiði það til amtsins,
en hreppsnefndirnar mega ekki senda málið
beina leið frá sjer amtmanns, þareð af
því leiðir, að úrslit málsins dragast að óþörfu,
með því amtmaður þegar svo stendur á, verður
að senda málið aptur til sýslumanns, áður
en hann getur lagt úrskurð á það, til þess að
fá um það umsögn og álit sýslumanns

8 Á hverrs árs manntalsþingi ber oddvita hrepps
nefndarinnar að sína sýslumanni gjörðabók
nefndarinnar. til þess að rannsakað verði
hvernig hún er færð.

Brjef þettað á, fyrir seðari tíma, að innfæra
orðrjett í gjörðabókina, og jafnframt ber yður að
birta það hreppsnefndinni.

Skrifstofu Mýra og Borgarfjarðarsýslu 20 nov. 1888

Sigurður Þórðarson

Til

Oddvitans í Reykholtsdalshreppi.

Rjett eptir rit vottar Einar Magnússon

Sjeð 28. mai 1889 Sig Þórðarson

Árið 1889 15. júní, að aflokinni hreppaskila-
þingi, var fundur haldinn til að ræða um
sveitarmál.

1. Guðmundi Bjarnasyni, sveitarómaga, ~~kominn fyrir á Skáney til haustsins~~ er nú verandi húsbóndi
hans neitar að halda lengur, er frestað að ráðstafa
að svo komnu.

2. Rætt um vegabætur. Ákveðið að vinna að sýslu-
veginum kringum Kleppjárns Reyki þriðjudag
og miðvikudag næstkomandi undir verk-
stjórn Hannesar í Deildartungu, og föstudaginn
næstan eptir Jónsmessu að Stóra Kroppsbrúnni
af Flókdælingum
~~undir~~ verkstjórn Sigurðar á Stóra Kroppi.
Ákveðið að vinna að hreppavegabótum
þannig: Frá Skáneyjarstöðum, Vilmundarstöðum,
Breiðabólstað og Reykholti skal unnið að Bráka-
nýjarbrúnni á laugardaginn kemur. Frá
Hóli, Húsum og Skógum skal unnið sama dag
~~unnið~~ að veginum sunnan við Geirsá. Aðrir
Flókdælir gjöri við veginn á Brennistaðahálsi
sama dag ~~undir~~ verkstjórn Ólafs í Stóðu.
Frá öllum öðrum bæjum í hreppnum
skal unnið að brúargjörð milli Grímsstaða
og Skáneyjar ~~á laugardaginn kemur~~ undir
verkstjórn Hannesar á Grímsstöðum annan
þriðjudag og miðvikudag.

3. Þá var rætt um grenjaleit. Bóndi á Hóli tekur
að sér að gangast fyrir við sýslumann Árnes á Hóli
að hann láti leita grenjaleit á Þóreyjardyngjum.
Samþykkt að fela Þorsteini á Húsafelli að sjá
um grenjaleit á Arnarvatnsheiði, ~~þannig~~ að
Reykholtsdalshreppur greiði tiltölulegan hluta af
kostnaðinum við leitina.

4. Rætt var um greiðslu á eptirstöðvum
vertíðargjalds. Gjörðu nokkrir hreppsbúar
þegar á fundinum ráðstöfun með borgun.

Fundi slitið.

Einar Magnússon
Þórður Sigurðsson
Bjarni Þorsteinsson

Árið 1887 þann 26 Október var að aflokinni hreppaskila þingi, að Sturlu Reykjum rætt um ýms sveitar mál

1 var rættum með tags upphæð með hrepps þurfaling Helgu Þorleifsdóttur yfir standandi ár og var samþykkt 40 Krónur

2 ákveðið var að almenn smala mennska framm fari og milli rekstr á fje, hvern miðviku dag í haust þar til fje er tekið í hús

3 Rætt um hvernig brúa skyldi vörur í hinni nýju brú í Landbrotinu, og komst fundurinn að þeirri niðurstöðu að tiltækilegast væri að gjöra það með grjóti, og tóku þeir Einar á Skáney og Magn. Koti að sjer að rífa það upp nú þegar og setja það í hrúgur, og var ákveðið að færa grjótið að vörunum á sleða í vetr og tóku það verk að sjer Erlendr á St. Reykjum Sigmundr í Gróf Þórðr á Kjalvararstöðum og Guðni á Kópa Reykjum Einar á Steindórsstöðum lofaði að lána sleða og færa hann að Grímstöðum

4 var rætt um fjall skila mál annar v. h. og um bygginga og færslu á Fljótstungurjett

og komst fundurinn að þeirri niðurstöðu að fela það mál á hendr þeim fyrir hugaða sameinaða fundi rjettafjelagsins, og voru kosnir 4 menn að sækja tjeðan fund og urðu þessir fyrir kosningu, Hrepps nefndin og síra Guðmundr með öllum atkvæðum

5 Kosnir menn til heyásetnings og var álitið að 2 skoðanir mundu nægja, sú fyrri um þorra komu, en sú síðari um sumarmál Í umdæminu vordan Reykjadalsár voru kosnir Hannes í Deildartungu og Hannes á Grímstöðum og sunnan ár Þórðr á Kjalvararstöðum og Einar á Steindórsstöðum, og í Flókadal Ásgrímr í Skógum og Gísli í Brúsholti

6 Bar Jón í Brekkukoti sig upp um það, að sökum bágra heimilis ástæða yrði hann að koma af sjer 2 börnum að minsta kosti vetrar langt og fór þess á leit að þeim væri útvegaðr veru staðr, og var það gjört á þann hátt að Oddr á Brennistöðum lofaði að taka annað barnið fyrst um sinn og Hannes í Tungu hitt til næstkomandi vors!

fundi slitið

Einar Magnússon

Árið 1889 30 október, var hrepps-
nefndar fundr haldinn að Reykholti
og mættu allir hrepps nefndar menn á-
samt prófasti síra Guðm. Helgasyni
og hreppstjóra Hannesi Magnússyni
og var fyrst gjörð áætlun um
Tekjur og Gjöld hreppsins fyrir far-
daga árið 18 89/90, þar næst jafnað niður
aukaútsvörum á bændr og búlausa,
og þau útlögð með hreppsins þurfa-
lingum, og til ýmsra annara útgjalda
í hrepps þarfir,

Fleiri málefni komu eigi til umræðu

Fundi slitið

Einar Magnússon

Séð 20/5. 1890, og finnst ekki annað að athuga en að
hreppsnefndin ætti öll að undirskrifa funda-
gjörðir. Sigurður Þórðarson

Árið 1890 14. júní var að afloknu
hundaframtali á hreppaskilaþingi rætt
um ýms sveitarmál.

1. Helgu Þorvaldsdóttur var ráðstafað að
Snældubeinsstöðum nýbyrjað fardagaár með
40 króna meðlagi.

2. Bændunum á Litlakroppi og [illegible]
var falið að láta í vor hlaða stíg upp úr hraun-
gjótu þeirri í Hallmundarhrauni, er fé sammst
dautt í haust sem leið, og fleiri hættulegum
gjótum, er þeir kunna að finna. Vonast er
til, að Hálssveitingar leggi til 1 mann til
hins sama, og er Þorsteini bóndi á Hofsstöðum,
beðinn að annast það við hreppsnefndina
þar. Frekari framkvæmdir á 1. gr. fundarákvörðun
í Stóra Ási 8. nóv. f. á. bíast menn við að eigi
verði unnt að gjöra í vor, vegna hinnar yfirvof-
andi kvefsóttar.

3. Samþykkt var að sinna tillögu Sigurðar á Lækja-
móti um, að ~~Rey~~ Fljótstungurréttar upprekstrarfélag
leggi til menn á móts við Víðdæli til að gjöra
undanleit á Jökulkrók og allt norður í Lykla-
fell. Þorsteini á Húsafelli skal falið að skrifast
á við Sigurð um það mál.

4. Jón á Litlakroppi bar fram þá tillögu, að byggður yrði skáli

á Arnarvatnsheiði, helst við Veiðitjörn. Leist mönnum
að vísu það vera þarflegt, en vegna þess að talað
var um nauðsyn á að breyta leitatilhögun, var
frestað að taka ákvörðun um þetta mál. Þorsteini
á Hofsstöðum var falið að bera málið undir
álit hreppsnefndar og hreppsbúa í Hálsasveit.
5. Brýnt var fyrir hreppsbúum að fylgja fyrirmælum
fjallskilareglugjörðarinnar um að lífgjalömb
að minnstakosti 3 sólarhringa.
6. Rætt var um sýsluvegagjörð. Að brúnni við
Flókadals á skulu vinna á mánudaginn kemur
Flókdælir, og þeir frá Stóra Kroppi, Húsum, Kletti,
Deildartungu, Brekkukoti og Hurðarbaki.
Verkstjóri sé þar Hannes í Deildartungu.
Allir aðrir skulu vinna við Geirsárbrúna
og þar í kring sama dag undir verkstjórn
Einars á Steindórsstöðum.
7. Um hreppavegabætr var ákveðið þannig:
Við Brakarmýrar-brú skal unnið frá Reykholti,
Breiðabólstað og Steindórsstöðum; Við Grímsstaða- Skáney-
~~Stóradals~~ brýrnar allir aðrir Reykdælir undir
verkstjórn Hannesar á Grímsstöðum
á föstudaginn kemur. Flókdælir
vinna að vegabótum á Brennistaðaholti
einkum norðan í hálsinum undir verk-
stjórn Péturs í Geirshlíð, og kveðji hann til verksins.

8. Borin var upp sú tillaga, að brú skuli gjörð
á Hvítá hjá Barnafossi, og skuli Reykholtsdals-
hreppur bera kostnað þann, er til þess þarf, í sam-
einingu við Hálsahrepp og Hvítársíðuhrepp;
var borið undir atkvæði, hvort hreppsbúar
væru því samþykkir, að hreppsnefnd
Reykholtsdalshrepps legði til fyrirtækis-
ins úr hreppssjóði þann hluta kostnaðar-
ins, er kæmi í hlut þess hrepps, og tæki
til þess lán það er þyrfti. Var tillagan sam-
þykkt með 17 atkvæðum gegn einu.
9. Stungið var upp á, að kjósa 3 manna nefnd
til að leita samkomulags við Hvítsíðinga Hálssveitunga
um þetta mál, og hafi sú nefnd í sam-
félagi við slíkar nefndir úr nefndum
hreppum það starf á hendi, að gjöra það
til undirbúnings máli þessu, sem
eigi má fresta. Samþ. með 17 atkv. mót 1.
Í nefndina voru kosnir Einar á Steindórs-
stöðum, Guðm. Reykholti og Þórður á Hóli.

fundi slitið

Einar Magnússon

Árið 1890 25. okt var á hreppaskila-
þingi rætt um ~~[illegible]~~ sveitarmál.
1. Ákveðið var, að almenn smala-
mennska og millirekstur á fé skuli
fram fara í haust hvern miðvikudag
þar til fé er tekið í hús.
2. Ákveðið var að fram skuli fara skoðun á
heybirgðum og skepnuhirðingu. Skulu skoðunar-
(menn sé skipaðir verði nú, 3. [illegible]skoðun)
vera ~~2.~~ hverir vera í deildinni sunnan Reykja-
dalsár: Hannes í Deildartungu og Hannes
á Grímsstöðum. Sunnan Reykjadalsár:
Einar á Steindórsstöðum og Þórður á Kjalvarar-
stöðum. Í Flókadalnum: Þórður á Hæli og Pétur í
Geirshlíð
3. Sýslunefndarmaður hreppsins skýrði
frá, að hreppnum hefði á sýslufundi
í vor verið skipt 46 kr. 63 (46,63)
af skaðabótapeningum. Allir, er á
fundi voru, samþykktu, að upp-
hæð þessi ~~[illegible]~~ ~~[illegible]~~ ~~slíkar~~ sú
skuli ganga til brúargjörðar á
Barnafoss. Sama er og, ef meira

af skaðabótapeningunum skyldi
síðar koma í hlut hreppsins.
Fleiri mál komu ekki til umræðu
Fundi slitið
Einar Magnússon
Þórður Sigurðsson

Hreppsnefndarmaður Bjarni Þorsteinsson
mætti ekki á fundinum,

Árið 1890 6 Nov. var hreppsnefndarfundur
haldinn að Reykholti, 2 menn úr hreppsn.
mættu ásamt Guðm. Próf. Helgasyni ~~mættu~~
~~á fundinum~~ hreppsnefndarmaður Bjarni
Þorsteinsson kom eigi á fund
Og var þá fyrst gjörð áætlun um
Tekjur og Gjöld hreppssjóðs, og þar næst
jafnað niður aukaútsvörum á bændur og
búlausa, og þar ásamt öðrum tekjum
útlögð í hreppsþarfir
Fundi slitið
Einar Magnússon Þórður Sigurðsson

Árið 1890 26 Nóvember var hreppsnefndar fundur haldinn að Reykholti, og var þar tekið til um sagnar útsvars kjæru skjal frá hrepps-nefndar manni Bjarna Þorsteins syni á Hurðarbaki, En þareð bæði, að nefnd útsvars kjæra var háð þeim ófullkomlegleika, að eigi var tilgreindt ártal nje dagsetning, og svo hafði nefndr, hrepps nefndar maður, án löglegra forfalla, forsómað að mæta á síðasta niðurjöfnunar fundi, og eigi heldur í tæka tíð á þessum fundi, þá áleit nefndin eigi skilt að taka áminnsta kjæru frekara til greina.

Fundi slitið

Einar Magnússon
Þórður Sigurðsson

# Reikningur

yfir tekjur og gjöld sveitar sjóðsins í N.N. hreppi fardaga árið 1890 til 1891

| 1890/91 | Tekjur | Fylgiskjöl | Kr. | a. |
|---|---|---|---|---|
| I | Eptirstöðvar frá f. á. | | | |
| II | Tekjur af eignum hreppsins | | | |
| | a. af fasteign . . . . Kr. a. | | | |
| | b. af öðrum eignum . . — — | | | |
| III | Tíundir | | | |
| | a. af fasteign . . . . Kr. a. | | | |
| | b. af lausafje . . . — — | | | |
| IV | Aukaútsvör | | | |
| V | Sektir og önnur fjár útlát | | | |
| VI | Andvirdi fyrir eptirlátna fjár muni þurfamanna | | | |
| VII | Andvirdi fyrir óskilafje | | | |
| VIII | Tillag frá ættingjum sveitar ómaga | | | |
| IX | Gjafir | | | |
| X | Lausamennsku gjald | | | |
| XI | Hundaskattur | | | |
| XII | Endrgoldinn sveitarstyrkr | | | |
| XIII | Hreppavega gjald | | | |
| XIV | Skuldir til næsta árs | | | |

| 1890/91 | Gjöld | Fylgiskjöl | Kr. | a. |
|---|---|---|---|---|
| I. | Skuldir frá f. á. | | | |
| II. | Fátækra framfærsla | | | |
| | a. medlag med ómögum. Kr. a. | | | |
| | b. þurfamanna styrkr — — | | | |
| III | Sýslusjóðs gjald 1891 | | | |
| IV | Sýsluvega gjald 1891 | | | |
| V | Fátækraflutnings gjald 1890 | | | |
| VI | Kostnadr til Skrifföng sendiferda o. fl. í þarfir hreppsnefndarinn | | | |
| VII | þinghúsleiga | | | |
| VIII | Kostnadr til eitrunar og eidingar refa | | | |
| IX | Ymisleg gjöld | | | |
| X | Eptirstöðvar til næsta árs | | | |

Að undir lægi Syslunefndarinnar
i Borgarfjarðar syslu, hefi jeg samid
form fyrir reikninga yfir tekjur og gjöld
sveitar sjódanna handa hreppsnefndunum
til að fara eptir við samninga reikninganna.

Um leid og jeg nú sendi ydur reiknings-
-form þettad skora jeg á ydr að semja
sveitarsjódsreikninga ydar framm vegis
eptir því. Skal jeg jafnframt ydur
til leidbeiningar gjöra nokkrar athuga-
-semdir, bædi um samninga reikninganna
yfir höfud svo og sjerstaklega um ein-
-staka tekju og gjaldlidi.

Eptir 20 gr. tilskipunar um sveitar-
stjórn ~~stjórn~~ 4 mai 1872 á reiknings haldari
(það er Oddviti, ef hreppsnefnin hefur ekki
falið ödrum nefndarmanni þad starf á
hendur) fyrir lok júni mánadar ár hvert
ad gjöra reikning um tekjur og gjöld hrepp-
-sins á hinu umlidna reikningsári (far-
dagaári). Reikning þenna rannsakar sídan
annad hvort öll hreppsnefndin eda
einn madur, sem hún kýs til þess.

Athugasemdum þeim, sem gjördar kunna
ad verda og sem eiga ad vera skriflegar
á reikningshaldari ad svara skriflega
og á sídan fyrir lok september mánadar
ad leggja reikninginn med athugasemdum
og svörum, framm á hentugum stad í
hreppnum, sem hefur verid fyrir fram
birtr á venjulegan hátt, og skal hann
liggja frammi til sýnis hreppsbúum í
3 vikur, Fyrir lok nóvembermánadar
skal sídan senda reikninginn med fylgi-
skjölum, athugasemdum og svörum til
oddvita syslunefndarinnar, þessum fyrir-
mælum skora jeg á ydr og hreppsnefndina
i heild sinni ad fylgja vandlega framm
-veigis

Um einstakar greinir í reiknings-
forminu skal jeg því nært fara nokkrum
ordum

<u>Tekjulid I</u> (eptir stödvar frá fyrra ári).
Hjer ber ad telja allt þad sem hreppurinn
átti til góda <u>i byrjun</u> reikningsársins, bædi
þad sem var í sjódi hjá reikningshaldara

og það sem hreppurinn átti útistandandi
hjá einstökum hreppsbúum eða öðrum,
t.d. ógoldin útsvör sektir eða því um
líkt, Tekjul. II. Hjer er gjörður greinar munur
á tekjum af fasteignum og tekjum af
öðrum eignum, sem eru. vextir af skulda
brjefum eða af innstæðu í spari sjóði o.s.frv.
þessum lið á að fylgja skyrsla um eignir
hreppsins og skal þar í gjörð grein fyrir
hvereg afrakstur þeirra er reiknaður til
peninga, Tekjul. III á að fylgja skrá yfir
lausafjár eign í hreppnum, – Tekjul. IV á
að fylgja skrá yfir auka útsvörin, Tekjul. V.
Í ymsum bæði eldri og yngri laga boðum
er ákveðið að sektir fyrir af brot skuli renna
í sveitar sjóð, t.d. sektir fyrir tíundar svik,
ólöglega lausamennsku o. fl. Undir þessum
tekjulið ber að tilgreina allar slíkar sektir,
svo og fjár útlát, sem einhver hefur
með sátt undir geingist að greiða í sveitar
sjóð, Fullnægjandi skyrsla um greiðslur
þessar á að fylgja, Tekjul. VI á að fylgja
uppboðsgjörð á hinum seldu fjármunum
Tekjul. VII á að fylgja tilkynning frá sýslu-

manni, Tekjul. VIII og IX eiga að fylgja
sundur liðaðar skyrslur, Tekjul. X. skyrsla
um hverjir greitt hafi. Tekjul. XI fylgi
skyrsla um hunda hald í hreppnum
Tekjul. XII fylgi skyrsla um hverjir hafi
endr goldið þegin sveitar styrk og hve mikið
hver hafi goldið. Tekjul. XIII. Í lög 10 nov. 1887
er svo ákveðið að hver húsbóndi í hreppnum
skal leggja til hreppavegavinnu 1/2 dags-
verk fyrir hvern verkfæran heimilis-
mann, en þó má hann ef hann kýs það,
greiða dagsverkin í peningum eptir verð-
lagsskrá, og renna þá þetta peninga-
gjald í sveitar sjóð, Ef slíkt gjald
skyldi hafa til fallið á árinu, ber að til-
greina það undir þessum tekjulið og
á þá að fylgja skyrsla þarað lútandi,
Tekjul. XIV Hjer undir ber að tilgreina
allar þær skuldir, sem hreppurinn í lok
reikningsársins stendur í við aðra, skyldi
hreppnum hafa hlotnast einhverjar
tekjur sem ekki verða heimfærðar
undir neinn af framan greindum
tekjuliðum, verður að tilfæra þær undir
nýjum t.d. ef hreppurinn hefur tekið lán

á árinu
þó að einhver af tekjugreinum þeim
sem taldar eru í reikningsforminu, ekki
hafi tilfallið á árinu (og að öllum jafnaði
munu fæstar þeirra tilfalla), þá ber
samt að hafa tekjuliðina í reikningnum
og láta honum fylgja vottorð um að eing-
-var þess konar tekjur hafi tilfallið,
vottorð þetta má vera í einu lagi fyrir
alla slíka tekjuliði, Ef t. d. engar sektir
eða önnur fjárútlát, ættingja tillög,
gjafir nje lausamennsku gjald hefur verið
greitt á árinu, þá á vottorðið að vera á þessa
leið: „að sveitarsjóðnum í N.N. hreppi
hafi" ekki hlotnast neinar af tekjugreinum
þeim sem nefndar eru undir tölulið
V, VIII, IX, og X á fardagaárinu 18N/N
vottast hjer með!!
<u>Gjaldl. I.</u> Hjer á að tilgreina allar
skuldir sem hreppurinn stóð í við aðra
í byrjun reikningsársins, <u>Gjaldl. II</u> á að
fylgja skrá yfir ómaga með lög og kvitt-
-anir fyrir öllum þurfamanna lánum,

fyrir öllum öðrum útgjöldum eiga
að fylgja kvittanir, Undir gjaldliðnum
„ýmisleg gjöld" á að tilfæra allar út-
borganir, sem ekki verða ~~til~~ heim-
færðar undir neinn annan gjaldlið
t. d. borgun til hreppstjóra fyrir skrif-
færi, rentuborganir af lánum og
aðrar skulda lúkningar, þess skal
getið að ef einhver skuld, sem hreppurinn
stóð í í byrjun reikningsársins og sem
því er tilgreind undir gjaldlið I, hefir
verið borguð á árinu, þá á að tilgreina
hana í gjaldliðnum „ýmisleg gjöld", en
þareð hún stendur þannig tvisvar
gjaldamegin, þá verður að færa hana
til jafnaðar einu sinni tekjumegin
í sjerstakan tekjulið („til jafnaðar við
gjaldlið X, sem fólginn er í gjaldlið
I"). Í eptirstöðvunum til næsta árs ber
að tilgreina allt það sem hreppurinn
á til góða í <u>lok</u> reikningsársins, hvort
það er heldur í sjóði hjá reiknings-

haldara eða úti standi hjá öðrum,
þetta bréf mitt og reikningsformið
skora jeg á yður að innfæra í sveitar
bókina,
Skrifstofu Mýra og Borgarfjarðar sýslu 21 febr
1891

Sigurður Þórðarson

Til
Oddvitans í Reykholtsdalshreppi

Að loknu hreppskilaþingi
20. júní 1891 var rætt um þessi
sveitarmál.

1. Ráðstöfun sveitarómaga.
Sigurði Jóhannessyni á Hrísum ráðstafað
að Hrísum fyrir 25 Kr. meðgjöf. Þuríður
á Kjalvararstöðum laust tilsláttum í
meðgjöf Hólmfríðar Bjarnardóttur
ef hann getur haft einhver not
af henni til smalamennsku í
sumar.

2. Hreppsbúar þeir, er útstaddir voru,
samþykktu í einu hljóði, að Bjarni
Þorsteinssyni á Hurðarbaki skuli
endurgjaldinn 50 Kr. kostnaðs hans
viðvíkjandi Daníel Grímssyni,
þannig, að gjaldinu sé jafnað
niður á hreppsbúa eptir sömu til-
tölu sem sveitarútsvar síðastliðið
ár.

3. Ákveðið að vinna af sér sýsluvega-
gjald með vinnu við [illegible] hreppsbrúna
Skal byrja vinnan á mánudaginn,
að góðu veðri og þá hvern dag úr því.
Verkstjóri á þriðjudaginn skal vera: Erlendur
á Reykjum, á miðvikudaginn: Hannes í Tungu.
Verði eigi unnið hina ákveðnu daga, vegna veðurs,
láta verkstjórar boð út ganga um, hvenær vinna skal.

4. Rætt um hreppavegavinnu.
Frá byrjun [illegible] skal unnið við Skáneyjarbrýrnar, nema frá Deildartungu og Klett, sem gjöri við Grafarkotsbrúna og veginn þaðan að Tungu. Við Skáneyjarbrýrnar vinna og hinir sem áttu þar óunnið í fyrra (óunnin dagsverk Guðbr. á Kleppjárnsr.). Verkstjóri er Hannes á Grímsstöðum og kveðst hann vinna til verksins. Flókdælir gjöri við veginn kringum Brennistaði og við brúna á Hálsunum. 6 fremstu bæirnir sunnan ár nyrðri ~~Kópa~~ hálsinn að Urðan-verða. ~~[illegible]~~ Hrísir gjöri við veginn frá Hrísum að Litla Kroppi. Verkstj. B. Hrís.
5. Um grenjaleitir var svo ákveðið, að skorað sé á hvern búanda að hafa vakandi auga á slíku í sínu landi, en skorað á Hálsasveitunga að sjá um að grenjaleit sé gjörð á Arnarvatnsheiði.

6. Úr hreppsnefndinni gengu Einar Magnússon og Bjarni Þorsteinsson, sem voru búnir að vera 6 ár í nefndinni. Atkvæði féllu svo, að Einar Magnússon fékk 26 atkv., Pétur Þ. [illegible] 10, Guðm. Helga 9, Erlendur Gunnarsson 6. En vegna þess að Einar skoraðist undan kosningu og því að kosning féll á þennan hátt, var með 14 atkv. gegn 3 samþykkt að kjósa um aftur og féll þá kosning svo, að Einar Magnússon var kosinn með 26 atkv. og Guðm. Helgason með 11. Næst atkvæði fékk Erl. Gunnarsson 9.

Fundi slitið.

Einar Magnússon Guðm. Helgason
Þórður Sigurðsson

Árið 1891 24. okt. var á hrepp-
skilaþingi rætt um nokkur félagsmál.
~~auglýst~~ Hreppsnefndin auglýsti,
ekki yfir að ~~niður~~gjöfum aukaútsvarsins í hreppnum
1891 liggi hreppsbúum til sýnis á Stein-
dórsstöðum frá þessum degi lögboðinn
tíma, einnig skýrt frá, að útsvarsgjaldenda
gjaldinu ~~ved~~ sem verði eigi jafnað
niður sérstaklega, hafi sé tekið tillit til
þess við niðurjöfnun þá, er gjörð er.
Tegnaþessa er og ákveðið að 1/10 hluta
aukaútsvarsins skuli búendur greiða í peningum,
og skuli sá hlutinn greiddur til oddvita
fyrir nýjár.

Rætt var um ráðstöfun Helgu Jóhanns-
dóttur, er flutt hefir verið á hreppinn í
haust. Var henni ráðstafað fyrst um sinn
að Litla-Kroppi með 2 kr. meðgjöf um
vikuna þar til er hún kemur til heilsu
eftir fæðingu barns þess, er hún gengur
með.

Ákveðið var að almenn smalamennsk

og mætti rekstr á fje skuli framm fara í
haust hvern mið vikudag, þar til fje
er tekið í hús.

Hreppsnefndinni var falið á hendur
að gjöra ráðstöfun til, að ýburðar meðal
í sauðfje verði fáanleg hjá einhverjum
kaupmanni á Akranesi í vetr.

Ákveðið var að 3 almennar fjárskoð-
anir framm fari í hreppnum á komandi
vetri, ásamt eptirliti með heybyrgðir og
skepnu hirðingu yfir höfuð. Sú fyrsta
á jólaföstu önnur um þorra byrjun
þá 3ja ákveði hreppsnefndin á sínum
tíma, skoðunar menn voru kosnir
norðan Reykjadalsár Erlendr á Sturlu R.
og Sveinn í Klett, sunnan ár Bjarni
Hömrum og Ívar á Snældubeinstöðum
í Flókadal Jón á Litlakroppi og
Argrímr í Skógum

Hreppsnefndinni var falið á hendr
að sjá um eitrun á Arnarvatnsheiði

Fundi slitið

Einar Magnússon    Guðm. Helgason.

Á hreppskilafundi 18. júní 1892 var rætt um ýms hreppsmál.

Helga Þorleifsdóttir var ráðstafað að Geirshlíð fyrir 60 kr. meðlag næsta ár, svo framarlega sem Ingveldur á Stórakroppi vill ekki halda hana fyrir það meðlag.

Akkorðsmenn voru teknir um vegabótavinnu í hreppsvegunum.

Borin var upp sú tillaga, að oddviti hreppsnefndar sé greidd 30 kr. þóknun úr sveitarsjóði, en þar í sé innifalin borgun fyrir ritföng. Við atkvæðagreiðsluna var haft nafnakall, og féllu atkvæði þannig:

Erlendur á Sturlu-Reykjum sagði já
Einar á Skáney já
Hannes á Grímsstöðum já
Guðm. Reykholti já
Ingólfur á Breiðabólstað nei
Einar á Steindórsstöðum greiddi ekki atkv.
Sigurður á Vilmundarst. greiddi ekki atkv.
Þorvaldur í Hægindi já
Guðni á Kópa-Reykjum já
Þórður á Kjalvararstöðum nei
Ívar á Snældubeinsst. nei
Guðbrandur á Kleppj. R. nei
Bjarni á Hömrum nei
Jón á Litla Kroppi nei
Pétur í Geirshlíð nei
Oddur á Brennistöðum nei
Þórður á Hóli
Sigurbjörn á Hrísum nei
Ásgeir í Skógum nei
Gísli í Brúsholti nei
Sveinn í Klett ... já
Hannes í Deildartungu já
Jón í Bakkakoti nei
Sigm. Gróf já
Bjarni á Hurðarbaki nei

Þá var borin fram tillaga um að greiða 25 kr. þóknun.

Erl. Reykjum já
Einar Skáney já
Hannes Grímsst. já
Guðm. Helgav. já
Einar Steind.
Ingólfur nei
Sig. Vilm. greiddi ekki atkv.
Þorv. Hægindi já
Guðni á Kópar. já
Þórður Kjalv. nei
Ívar Snældub. nei
Guðbr. Kleppj. nei
Bj. Hömrum nei
Jón Lkr. greiddi ekki atkv.
Pétur Geirshl. nei
Oddur Brennist. nei

Þórður á Hæli
Sigurbj. Hrísum nei
Arngr. Skipum nei
Gísli í Reyk. nei
Guð. í Rv.k

Lo. Kletti já
Hannes Tungu já
Sigm. Gröf já
Bj. Hurdale nei

Tillögunnar báðar þannig felldar.

Fleira ekki tekið til umræðu.

Guðm. Helgason
Einar Magnússon

Árið 1892 22. okt. var að afloknum hreppaskilum sett um nokkur hreppsmál.

Ákveðið var að fram skuli fara 3 skoðanir á öllum gangandi peningi, hin 1. í haust, 2. um miðjan vetur, hin 3. í vor. Norðan ár voru kosnir til skoðunarmanna: Einar á Skáney og Sveinn í Klett; sunnan ár: Ívar á Síðuldubeinsstöðum og Þórður á Kjalvararstöðum; í Flókadal Ásgrímur í Skógum og Pétr í Geirshlíð. Skulu skoðunarmennirnir skoða hús og hey, og fóðurástand og heilbrigðisástand alls fénaðar.

Ákveðið var að smalað skuli öll heimalönd á þriðjudaginn kemur og skilarétt haldin á miðvikudaginn. Jafnframt skal haldin hrepparétt. Síðan skal smalað hvern mánudag, þar til er farið er að hýsa.

Einar Magnússon Guðm. Helgason
Þórður Sigurðsson

Á hreppskilaþingi á Stóra-Reykjum 17. júní 1893 lagði nefnd sú, er kosin hafði verið til að hafa á hendi framkvæmd á brúargjörð yfir Hvítá hjá Barnafossi, fram reikning yfir kostnað við brúargjörðina og skilagrein fyrir fé hennar,

og óskaði jafnframt að
hreppsnefndin samþykki
áðurgjörðum samningi
taki fyrir hreppsins
hönd að umsjón og
viðhaldi brúarinnar í
sameiningu við hrepps-
nefndina í Hálsasveit,
sem á fundi 12. þ. m. hafi
tekið að ~~þær~~ umsjónina og viðhaldinu fyrir sitt leyti.
Tók hreppsnefndin á fundi
sínum að umsjóninni og
voru henni afhent skjöl
brúarinnar. Var síðan
Guðm. próf. Helgason
kosinn í umsjónar-
nefnd brúarinnar, sem

Hálssveitingar hafa þegar
áður kosið 2 menn í.
Voru honum afhent
skjölin og brúarsjóðsbréfin
kvittuð fyrir fjárhaldi
brúarinnar.
U. s.
Einar Magnússon Guðm. Helgason

Árið 1893 17. júní var
á hreppaskilaþingi rætt
um nokkur hreppsmál.
1. Oddviti auglýsti þá ákvörðun
sýslunefndarinnar í Mýrasýslu,
að fé það, sem rekið er á Arnar-
vatnsheiði, skuli rekið norð-
yfir Refsveinu. Hann
birti og fyrir mönnum þá á-
kvörðun 12. gr. fjallskilareglu-
gjörðar Mýrasýslu.

2. ákveðið var að byggja íveru
kofa handa Þuríði Böðvarsdóttur
í Deildartungu, og safna til
þess samskotum.
3. Ákveðið að koma Helgu Þorleifsdóttur
fyrir á Stóra Kroppi fyrir 6 vetta meðgjöf.
4. Tekin ráðstöfun um hreppsveg.
Flókdælir (nema frá L. Kroppi og Steðja) vinni að Brennistaða-
vegunum undir verkstjórn Péturs
í Geirshlíð. Menn frá Steðja, L. Kroppi,
Hömrum, Kleppj.-R., Snældub., Klett,
Deildartungu og Brekkukoti
vinni undir forustu Jóns á Litla
Kroppi að veginum milli L. Kropps
og Hamra. Frá Steind., Vilm., Helgav.
Kópa Reykjum, Kjalv. sé unnið
að veginum frá Vilm. niður að
ánni, undir verkstjórn
Sig. á Vilm. Í Brúkamýra-
brúna sé unnið frá Reykh. og
Reykjum og Sig. Grímsst. Hinir
vinni að Skáneyjarbrúnni
undir verkstjórn Hannesar
á Grímsstöðum.

Fleiri mál ekki rædd

Einar Magnússon Guðm. Helgason.

—

Árið 1893 20 Oktober var að afloknu
hreppskilum rætt um nokkur hreppsmál
1 Hreppsnefndin auglýsti að hreppsreikn-
-ingarnir lægi til sýnis hreppsbúum
á Steindórsstöðum til 15 Nóv. n.k.
2 Ákveðið var að almenn smalamennska
fram færi, hvern Miðvikudag, þar
til fje er tekið í hús
3 Með samþykki ábúandans á Skáney
var samþykkt að byggja sundurdráttar
og hrossarjett við Steinsholt ef Hálsveitingar
og Bæjarsveitingar vilja vera í samlögum
um það, sömuleiðis var samþykkt,
að gjörð sje girðing fyrir safnið hjá

Fljótstungu rjett, ef samkomulag
næst um það mál við Krókbúa, Hals-
sveitinga og Bæsveitinga. Til að standa
fyrir undirbúningi málsins af hendi
Reykdæla, var kosinn Sigurði á Vil-
mundarstöðum, þeir Erlendur á Reykjum
og Ingólfur á Breiðabólsstað voru kosnir
til að standa fyrir rjettarbyggingunni
við Steinsholt

Hreppsnefndin minnti á að þeir
hreppsbúar sem eigi hafa lokið hreppa
vega vinnu þeirri sem ákveðin
var í vor, verði að ljúka við verkið
svo fljótt sem unnt er,

Fleiri mál ekki rædd

Einar Magnússon

Árið 1893 19. des. var hreppsnefndarfundur
haldinn á Steindórsstöðum og var tekin fyrir
útsvarskæra Sigurðar Magnússonar á Vil-
mundarstöðum. Hreppsnefndin álykt-
aði, að setja útsvar Sigurðar niður í
~~[illegible]~~ 60 Kr., eða færa það niður um 2 Kr. Jafn-
framt tók nefndin til athugunar útsvar
Benoní Jósefssonar og ályktaði að færa
það niður um 1 Kr.

Fram var lagður reikningur yfir
tekjur og gjöld alþýðustyrktarsjóðs-
ins 1893. Hreppsnefndin sam-
þykkti reikninginn fyrir sitt leyti.
Fleiri mál voru ekki rædd.

Einar Magnússon

Árið 1894 var hreppsfundur [vor] haldinn
á Stóra-Reykjum.

Um hreppavegagjaldið var ákveðið,
að þeir, sem ónunnið ættu í fyrra,
vinni nú það sem þá var ákveðið
og undir verkstjórn þeirra, er þá var
tiltekið. Af vegadagsverkunum í ár
skal skal dagsverkunum frá Brennistöðum,
Hæli, Hrísum, Skógum, Brúnholti, Geirs-
hlíð og Geirshlíðarkoti varið til við-
gjörðar veginum fyrir austan Brenni-
staði, ~~Til~~ og er þeim á Hæli falið að
annast um framkvæmdina.
(Að veginum milli Hamra og
Litla Kropps skal unnið frá Litla
Kroppi, Steðja, Hömrum, Kleppjárns-
Reykjum, Snældubeinsstöðum og
Stóra Kroppi og Klett og fram-
kvæmdin falin Jóni á L. Kroppi)
Að veginum frá Vilmundar-
stöðum niður að ánni sé unnið
frá Steind., Vilm., Hægind., Kópa-R.,

Kjalvararstöðum undir verkstjórn Sig. á Vilm.
Að veginum niður undan Grófin sé
unnið frá Deildartungu, Brekkukoti,
Stóra-Reykjum og Hurðarbaki og
Sámsst. frá Klett, Steðja, L. Kroppi,
Hömrum, Kleppj. R. og Snældubeins-
stöðum (undir verkstjórn H. í Snældub.) Að Skáneyjarbrúnni
sé unnið frá Skáney, Skáneyjarkoti, Sudda,
Barði og Grímsstöðum undir verk-
stjórn Hannesar á Grímsstöðum. Frá
Reykholti og Breiða að Brakamýra-
brúnni.

Þá fór fram hreppsnefndarkosning,
er Þórður Sigmundsson, sem var búinn að
útenda sinn kjörtíma, gekk úr. Til
þess að leiðrétta skekkju þá, sem eitt
sinn hefir orðið á hreppsnefndarkosn-
ingunni hér í hreppi og koma þeim
í það lag, að hér verði kosið á ~~sama~~ ár,
sem í öðrum hreppum, var á-
kveðið að kjósa nú að eins til eins árs.
Kosinn var Pétr. Þorsteinsson í Geirshlíð
með 10 atkv. Þar næst var Ingólfur Guðmundsson
sem fékk 6 atkv.

Einar, Magnús, Guðm. Helgason.
Pétur Þorsteinsson

Árið 1894 19. okt. ~~að~~ á ~~afloknu~~
hreppskilaþingi ~~hrepp~~ var að af-
loknum hundaframtali rætt
um nokkur hreppsmál.
1. Kosnir voru menn til að
skoða hús fyrir skoðanir í vetur,
þeir Pétur í Geirshlíð, Ingólfur
á Breiðabólstað, Hannes í
Tungu og Einar á Steindórs-
stöðum. Ályktaði búnaðar-
félag hreppsins að greiða
þeim samtals 24 kr. fyrir ~~skoð~~ skoðun
~~þóttar~~ hjá félagsmönnunum.
2. Ályktað að almenn smala-
mennska og millirekstur fari
fram í hverri viku þar
til fé er komið á gjöf. Skal
smalamennskan fara
fram á miðvikudögum, nema

í sömu viku á mánudegi.
Um fleiri mál voru ekki
ákvarðanir teknar.

Einar Magnússon. Guðm. Helgason
Pjetur Þorsteinsson

Árið 1895 15. júní var hreppsfundur
haldinn á Stóru Reykjum.
Kosning fór fram á 1 manni til
6 ára í hreppsnefndina í stað Péturs
Þorsteinssonar, er kosinn hafði verið
til eins árs vorið 1894. Var Pétur
endurkosinn með 20 atkv. Hannes
Magnússon hreppstj. í Deildar-
tungu fékk 4 atkvæði.
Auglýst var, að heimalönd skuli sem fyrst
smöluð að stóðhrossum og geldfé, og
það síðan rekið til fjalls. Þeir sem
af einhverjum ástæðum þurfa
nauðsynlega að hafa ókannin
hross heima, verða að sækja um
það til hreppsnefndarinnar.

Ákveðið var að byggja í sumar 12 mannaskála við Reykjavatn, ef Hálsveitingar og Bæsveitingar tæki þátt í kostnaðinum. Kostnaðinum skal jafnað niður sem fjallskilum. Jóni á Litla-Kroppi var falin framkvæmd verksins af hendi Reykdæla.

Ráðstafað var kroppaveginum.

Fundi slitið

Einar Magnússon Guðm. Helgason

Pjetur Þorsteinsson

Á Kroppskilafundi 19. okt. 1895 var rætt um nokkur kroppmál.

1. Ákveðið var að almenn smalamennska fari fram í haust hvern miðvikudag og millirekstra á þen-adi; [illegible] er komið á gjöf.

2. Ákveðið að fjárskoðanir fari fram í vetr, og voru þeir Ingólfur á Breiðabólstað, Sigmundur í Gröf og Erlendur á Reykjum kosnir til að skoða í Reykholtsdal norðanár, Halldór á Kjalvararstöðum og Ívar á Snældubeinsstöðum í Reykholtsdal sunnanár og Jón á Litla Kroppi og Sigurbjörn á Hrísum í Flókadal. Skoðanir skulu vera 2, hin fyrri milli nýárs og þorra, hin síðari á einmánuði áðr fjeð er sleppt. Skoðunarmenn skulu gefa skýrslu um skoðanirnar.

~~Fleiri mál var eigi tekin ákvörðun~~ um

Vernharður á Steindórsstöðum, Halldór á Kjalvararstöðum og Sigurður í Klett voru fengnir til að gjöra eftirleit á Arnarvatnsheiði upp á fundarlaun.

Fleiri mál var eigi tekin ákvörðun um.

Einar Magnússon Guðm. Helgason

Pjetur Þorsteinsson

Árið 1896 13 júní var að
afloknum hreppskilaþingi
rætt um ýms sveitarmál.
1. Samþykkt var með öllum at-
kvæðum, að Reykholtsdalshrepp-
ur leggi 8 dagsverka styrk til dilka-
byggingar Hálsveitinga í Þverár-
rétt, þannig að þeim 8 dags-
verkum verði jafnað niður
með fjallskilum í haust.
2. Samþykkt að byggja í sumar
[illegible] við Helgavatn [illegible] og Hálsveitinga
leitarmannaskála á Arnarvatns-
heiði, nægil. stóran handa
öllum leitarmönnum, og jafna
kostnaðinum niður með fjall-
skilum.
3. Hreppsvegirnir ákvarðast þannig:
frá Steind., Vilm., Reykh., Breiða-
vinni við Brakamýrarbrú

frá Hægindum, Kópa-Reykjum
og Kjalvararstöðum og Barði að
Kópa-Reykjabrú, frá Hurðar-
baki, Skáney, Skáneyjarkoti
og Grímsstöðum að Skán-
eyjarbrúnni, frá Stóru-
Reykjum og Grófarkoti að
Grófarkotsbrú, frá öllum
öðrum bæjum milli Geirsár
og Steðja.

Fundi slitið

Guðm. Helgason Einar Magnússon

Pjetur Þorsteinsson

Árið 1897 12. júní var ~~að afstaðinn~~ haldinn hreppsnefndarfundur á Stóra-Reykjum. Að afstaðinni könnun framtala voru þessi mál tekin til umræðu

1. Fram fór kosning ~~til~~ á 2 mönnum í hreppsnefnd eða til ~~Einars~~ 1 árs í stað Einars Magnússonar og Guðmundar Helgasonar, sem eru búnir að útenda sinn kjörtíma. Voru þeir endurkosnir, Guðm. Helgason með 20 atkv., Einar Magnússon með 19 atkv. Næst atkvæði fékk Snjólfur Guðmundsson 3 atkv.

2. Samþykkt að greiða oddvita 40 kr. þóknun úr sveitarsjóði

3. Helga Þorleifsdóttir var kosin fyrir á Stórahreppi þetta fardagaár, en meðlagsagjaldið óákveðið í þetta sinn.

4. Borið á Hel. þiltkt á, að meðlag með Vilborgu Jóhannesdóttur lækkaði þetta ár um 10 kr., en Bjarni á Hurðarbaki 4 kr. niðurfærslu á meðgjöf Alexanders Jóhannessonar

5. Samþykkt að leita leyfis sýslunefndarinnar: Mýrasýslu að mega nota ár og framvegis bitjibúðir heima að sökum leyfi í stað yfirsetukonunnar á fjallinu.

6. Rætt var um hvernig verja skuli hreppsvegagjaldi þetta. Ákveðið var að verja 4 dagsverkum til endurbóta Brakamýrarbrúnni (Steind., Vilm., Reykh.), undir verkstjórn Ein. á Steind. 6 dagsverkum til Skáneyjarbrúnna (frá Breiðabólstað, Grímsstöðum, Skáneyjarkoti, Skáney, Hæginðum, Kópa-Reykjum, Stóra-Reykjum) undir verkstjórn Hannesar á Grímsstöðum; frá öllum öðrum bæjum sé unnið við brúna frá Steðja undir forustu Ólafs í Steðja.

Fundi slitið

Einar Magnússon Guðm. Helgason. Pétur Þorsteinsson

Á hreppskilaþingi 16. okt. 1897 var ákvedid rétt um hreppamál

1. Ákvedid var ad almennum smalamennsku og millirekstr skuli fara fram hvern mánudag í haust þar til er fé verdur tekid á gjöf

2. Bent var undirskr. hreppsnefnd, hvort þeir vildu, ad hreppurinn keypti Gullberastadatunguna(?), eina [illegible] í [illegible] vid Hálsasveit. Var þad samþykkt med samhljóda atkvædunum.

Einar Magnússon Gudmundr Helgason.

Pétur Þorsteinsson

Árid 1898 11. júní var hreppskilaþing haldid. Ad loknum framtali voru þessi mál tekin fyrir:

1. Fór fram kosning á 2 mönnum í hreppsnefndina í stad Einars Magnússonar og sr. Gudm. Helgasonar sem höfdu útendad sinn kjörtíma. Voru þeir endurkosnir, Gudm. Helgason med 22 atkv., Einar Magnússon med 20 atkv. Þorgeir(?) Gudmundsson fékk 3 atkvædi, Kristleifur Þorsteinsson 1 atkvædi.

2. Hannes á Grímsstödum lýsti því yfir, ad Ragnhildur Bödvarsdóttir gæti eigi þannveg(is) komist af án sveitarstyrks. Gaf hann kost á, ad halda hana ódýra(?) ár, ef hreppsnefndin(?) ... di um, ad hann fengi 60 kr. medgjöf med henni allsama árid.

3. Kristínu Gunnlaugsdóttur, gamalmenni, sem nú er á Hurdarbaki, var komid fyrir á Hurdarbaki med 70 kr. medgjöf frá því hún kom þangad til fardaga 1899.

4. Erlendur á Reykjum gaf kost á,
að taka Gest Sigurð Ólafsson til að
uppbyggja viðlaga sem mat-
inning frá honum, að ef Gests
reynist lakari en ~~hans~~ Gest bjóst við
eigi Erlendur rétt á, að fá 20 kr.
endurgjöf með honum.
5. Halldór á Hjalla í Stóradal bauðst
til að taka Vilborgu Jóhannesdóttur
þetta ár fyrir 40 kr. ársmeðgjöf,
var álitið að setja hún, nema
þurfi á Holti eigi taka hana
fyrir sömu endurgjöf.
6. Ráðstafað var vegabótunum
á hreppavegum þannig:
Til viðgjörðar við Grafarkotsbrúna
skal vera vegabótagjaldinu frá
~~Hurðarbaki ½ dagsverk, frá Breiðabólsstað~~ Stórukroppi 1 dagsv.
~~½ dagsv.~~, Deildartungu 1½ dagsv.,
Kletti ½, Grafarkoti 1 dagsv., Steindórsstöðum 1 dagsv.
Verkstjóri þar: Sigmundur í Gróf.
Til viðgjörðar á veginum yfir
Brennistaðaháls: frá Brúsholti ½ dagsv.,
Húsum ½, Holti ½, Brennist. 1,

Geirshlíð ½, Geirshlíðarkoti 1, ~~Egg~~
Litlakroppi ½. Verkstjóri Eggert
á Litla Kroppi.
Til viðgjörðar við Brakamýrar-
brúna frá Reykholti 1-2 dagsverk
Til Skáneyjarbrúnna: frá Hurðar-
baki ½, [illegible] ½, Skáney 1, Skáneyjar-
koti ½, Grímsstöðum 1½, Magnús á
Barði eldri dagsverk. Verkstjóri:
Hannes á Grímsstöðum.
Til nýju brúar frá Tíðamel
ofanegtir öll þau vegavinnu-
dagsverk, sem enn eru ótalin
og ókvödd frá fyrri árum.
Einnig er óskað eftir að sem
flestir leggi til nokkra vinnu fyrir
sig fram til þeirrar brúar, sem
kemur upp í ~~Reykholtsdalnum~~ hreppavegagjaldi síðar
ella endurgreiðist af hreppsvega-
gjaldi. Verkstjóri: Erl. á Stóra
Reykjum.
Verkstjórunum er falið að gefa skrif-
lega skýrslu um vinnuna.

7. Ákveðið var að fráfærur færi
fram 29. júní, lömbin sé rekin á stað
þann 30. Setið sé yfir í félagi.
Ráðnir til þess: Ásgrímur í Skipholti, Guðm.
á Kópa-Reykjum, Þorst. Gröf
Helgi í Klett og Eggert í Geirshlíðar-
koti. Yfirsetan komi upp í
fjallskil og reiknist hver yfir-
setumaður sem 3/4 [illegible].

Fundi slitið

Einar Magnússon Guðm. Helgason
Pétur Þorsteinsson

Árið 1898 6. nóvember hélt hrepps-
nefndin í Reykholtsdalshreppi
fund með sér í Reykholti.
Var þá tekin fyrir beiðni Kle-
mens Jónssonar vinnumanns
á Brennistöðum um það, að
gefin verði upp sveitarskuld

konuefnis hans, ~~Helgu~~ Karitasar
Gísladóttur á Brennistöðum
og sér veitt leyfi til að giftast
henni þrátt fyrir sveitarskuld-
ina. Hreppsnefndin féllst á,
að gefa eftir það af skuldinni,
sem er yfir 60 kr., en krefjast
borgunar á 60 kr. í peningum
fyrir lok októbermánaðar næst-
komandi: Gengu þeir bændurnir
Magnús Rögnvaldsson á Brenni-
stöðum og Ólafur Þorsteinsson í Brús-
holti í ábyrgð fyrir þeirri greiðslu.
Hreppsnefndin samþykkti einnig
að leyfa þeim Klemens og Karitas
að giftast þrátt fyrir sveitar-
skuld þá, er Karitas er í.
Fleiri mál voru eigi fyrir tekin.

Einar Magnússon Pétur Þorsteinsson
Guðm. Helgason

Árið 1899 17 júní var á hreppaskilafundi rætt ýmis nokkur hreppsmál.

1. Ákveðið var að Flókdælir innu að hreppavegabótum hjá Hrísum undir forustu Eggerts á Litla-Kroppi, en aðrir hreppsbúar að vinna fyrir neðan Sídamelinn á laugardaginn 24. júní undir forustu Sigmundar á Vilmundarstöðum.

2. Gengið var að tilboði Ásgeirs í Skógum, Böðvars í Geirshlíðarkoti og Sigm. í Gröf um mann til lambasetu í vor.

3. Ákveðið var, að almenn geldfjár og hrossarekstur á fjall fari fram miðvikudag 28. júní.

4. Ákveðið að fært verði frá fimtudaginn 6. júlí og lömbin rekin 7. júlí.

Fundi slitið

Einar Magnússon Guðm. Helgason

Pjetur Þorsteinsson

Árið 1901 15. júní var hreppaskilaþing haldið á Stóra-Kroppi.

1. Kosning fór fram á 1 manni í hreppsnefndina til 6 ára í stað Péturs Þorsteinssonar. Endurkosinn var Pétur Þorsteinsson með 12 atkv. Þorgeir Guðmundsson fékk 6 atkv.

2. Ákveðið að fráfærur fari fram laugardaginn 29. júní. Yfirsetumenn voru kosnir Pétur í Geirshlíð og Ásg. í Skógum.

Guðm. Helgason Einar Magnússon

Pjetur Þorsteinsson

Á haustkreppskilaþingi 18. okt. 1902
var rætt um nokkur hreppsmál.

1. Ákveðin var smalamennska og
milliréttir hvern mánudag þar
til fé er komið á gjöf.

2. Kosnir voru til að framkvæma skoðun
á öllum fénaði og heybirgðum síðari
hluta vetrar: Þórð á Hóli og Eggert
á Litla Kroppi fyrir Hálsasveit og
Reykholtsdal sunnan ár fram
að Hægindum að þeim bæ með-
töldum, og Sigurð á Vilmundar-
stöðum og Magnús á Skáney
fyrir hinn hluta hreppsins.

3. Kosnir voru í nefnd á móts við 2
menn úr Hálsahreppi til að ~~gera~~ gjöra
áætlun um byggingu Rauðsgils-
réttar ásamt hreppsrétt þar
Árni á Brennistöðum, Ing. á Brúsholti
og Sig. Vilmundst., og verði álit þeirra
lagt fyrir hreppskilaþingið í vor
[?]

3. Samþykkt var að bændur í Rauð-
gili fái 12 krónur endurgjald fyrir útrekst-
ing af réttinni, og greiðist upphæð þessi
~~af~~ mun fjallskilakostnaði, en verði ómerkinga
gangi aptur til fjallskila.

Einar Magnússon Guðm. Helgason. Pétur Þorsteinss.

Á hrepps~~st~~skilafundi 13. júní
1904 fór fram kosning í hrepps-
nefnd Reykholtsdalshrepps. Úr gengu
þeir Einar Magnússon og Guðmundur
Helgason, sem höfðu útendað sinn
kjörtíma. Jafnframt var sam-
þykkt með 7 atkv. gegn 4, samkvæmt
að fengnu leyfi sýslunefndar,
að bæta við 2 mönnum í nefnd-
ina, svo að þeir verði alls 5. Eptir
áskorun gáfu þeir Einar Magnússon og Guðm.
Helgason ~~gáfu þeir~~ kost á sér aptur í
nefndina með því skilyrði, að
þeir þyrftu ekki að útenda sinn kjör-
tíma, og skyldi úrsögn þeirra tekin

gild, þótt fyrri væri, ef til kæmi.
Kosningin fór fram þannig,
að þeir Einar Magnússon
Guðm. Helgason og Kristleif
Þorsteinsson voru kosnir
með 11 atkvæðum hver, Ing-
ólfur Guðmundsson með
8 atkvæðum. Erlendur Gunn-
arsson fékk 6 atkvæði, og Eggert
Guðmundsson Lange 1 atkv.
Kosningin fer nú fram til
6 ár, þó þannig, að eftir
3 ár ganga 1 eða 2 úr eftir
samkomulagi eða hlutkesti.
Samþykkt var að oddviti
fái sem áður 40 króna upp-
þóknun fyrir starf sinn.
Fundi slitið
Einar Magnússon Guðm. Helgason Ingólfur Guðmundsson
Kristleifur Þorsteinsson. Pétur Þorsteinsson

Árið 1906 11 júní var að afloknum
hreppskilaþingi rætt um nokkur hrepps-
mál.
1 Kosinn 1 maður í hreppsnefnd, til
eins árs: Árni á Brennistöðum
kosinn með 9 atkvæðum. Næst Þorsteinn
í Bráskolti með 8 atkvæði.
2. Vegabótum ráðstafað þannig:
Í brú milli Skáneyjar og Grímsstaða lögð
6 dagsverk. Magnúsi á Skáney og Einari
í Skáneyjarkoti falið verkið. Lögð 6 dags-
í brú fyrir neðan Gróf. Þorsteini á Hurðar-
baki og Jóni í Deildartungu tekið að sér
að sjá um verkið. Lögð 4 dagsverk í Braka-
mýrarbrú. Falið Sigurði á Vilmundarst.
og Helga í Hægindi að sjá um verkið.
Rætt um vegabót milli Breiðabólsstaðar
og Signýjarstaða. Treystust að gjöra þar vegar-
bætur að svo stöddu. En allir greiddu atkvæði
með því að sækja um til sýslunefndar, að
sýsluvegur yrði lagður upp hjá Breiða-
bólsstað, og fram Hálsasveit norðanverða.
3. Rætt um að gjöra tilraun á nokkrum

stöðum á Arnarvatnsheiði, með að breyma sína, í þeim tilgangi að beta með því sum-
arbeit í afréttinum. Má verja til þess alt að 10 kr. frá Reykdælum. sem leggst á með fjallskilum.

Fundi slitið

Einar Magnússon Ingólfur Guðmundsson

Árið 1907 15 júní var að aflokinni Hreppskilafundi rætt um þessi hreppsmál.

var ákveðið að smalamenska fyrst mánudaginn 17 júní og úr því á laugardögum. Var ákveðið að gjöra við veg á þessum stöðum á Hálsinum frá Reykjadalsá að geirsá. (6 dagsverk) Jóni í Tungu og Þorsteini á Hurðarbaki falið að gjöra við veginn fyrir neðan Gróf. Hreppsnefndinni fyrirhugaðu falið að sjá um viðgjörð á veginum frá Reykh. að Reykjadalsá, gjöra við veginn fyrir austan Breiðabólstaða (3–4 dagsv.)

var ákveðið að Þorður á Hæli legði til mann til, lamba setu á Arnarvatnsheiði

ákveðið var að færa fénið miðvikudag 10 júlí en reka gjeldfje til afrjettar mánud. 1 júlí ef gróðurleifir.

var kosið í hreppsnefnd og voru þessir kosnir. sjá nýju kjörbókina

Fundi slitið

Einar Magnússon Þorsteinsson
Ingólfur Guðmundsson Kristl. Þorsteinss.

Árið 1908. 15 júní var að aflokinni Hreppskilaþingi rætt um hreppsmál þessi.

Var samið um stað fyrir þurfaling hreppsins. Sjóðbjörgu Jónsdóttir. til næstu komst hreppskila á Hömrum með 1 kr. meðlagi á dag eins og heilsa hennar er nú. en hækkandi og lækkandi eftir því sem heilsa hennar verður framvegis.

Var rætt um vegabætur, og var ákveðið að bera ofaní veginn frá Reykjadalsá að melnum fyrir vestan Reykholt. og tók Kristleifur á Kroppi að sjer að sjá um verkið

Var ákveðið að reka gjeldfje til afrjettar

mánudaginn 15 júní; en frá færing þriðjdag 7 júlí

Var kosið 1 maður í hreppsnefnd í stað síra Gudmundar Helgasonar er flutt hafði úr hreppnum.

Og var þar með fundi slitið.

Einar Magnusson Þorsteinsson

Ingólfur Gudmundsson Kristl. Þorsteinsson

124
audar sidur

seul